

Ársskýrsla
Gildis
lífeyrissjóðs
2020



Ársskýrsla
Gildis
lífeyrissjóðs
2020

Ljósmyndir
Lárus Karl Ingason
Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Hönnun og umbrot
Brandenburg / SÍA

Prentun
Pixel prentþjónusta



Saltfiskvinnsla sumarið 1945. Samkvæmt vef ljósmyndasafns Reykjavíkur gæti myndin hafa verið tekin í útjaðri Hafnarfjarðar. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Helga Fietz.




Konur við störf sín í kexverksmiðjunni Frón sem stóð við Skúlagötu 28 í Reykjavík. Myndin er tekin í apríl 1977. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Jens Alexandersson.

Efnisyfirlit

| | |
|--|------------|
| Lykiltölur í starfsemi Gildis 2020 | 6 |
| Ávarp stjórnarformanns | 8 |
| Verðbréfamarkaðir | 11 |
| Innlendur verðbréfamarkaður | 11 |
| Erlendir verðbréfamarkaðir | 13 |
| Samtryggingardeild | 17 |
| Lykiltölur | 17 |
| Sjóðfélagar | 18 |
| Iðgjöld | 19 |
| Lífeyrir | 20 |
| Lán til sjóðfélaga | 21 |
| Ávöxtun | 22 |
| Fjárfestingar | 24 |
| Innlent skuldabréfasafn | 29 |
| Innlent hlutabréfasafn | 32 |
| Erlent skuldabréfasafn | 35 |
| Erlent hlutabréfasafn | 36 |
| Fjárfestingarstefna | 37 |
| Tryggingafræðileg staða | 38 |
| Örorkubyrði / örorkuframlag | 40 |
| Samstarf við VIRK | 40 |
| Séreignardeildir | 43 |
| Lykiltölur | 43 |
| Rétthafar / lífeyrir | 44 |
| Ávöxtun | 44 |
| Eignasöfn séreignarleidda í árslok | 45 |
| Framtíðarsýn 1 | 45 |
| Framtíðarsýn 2 | 48 |
| Framtíðarsýn 3 | 50 |
| Starfsemi Gildis | 53 |
| Lykiltölur | 53 |
| Stjórn | 54 |
| Starfsmenn | 55 |
| Endurskoðunarnefnd | 56 |
| Nefnd um laun stjórnarmanna | 56 |
| Stefnur og samþykktir | 57 |
| Covid-19 | 57 |
| Upplýsingatæknimál | 60 |
| Starfsmannamál | 60 |
| 15 ára afmæli | 61 |
| Yfirlýsing í þágu sjálfbærrar uppbyggingar | 61 |
| Ársreikningur | 64 |
| Selected Financial Information | 139 |


Lykiltölur í starfsemi Gildis 2020

Breyting á hreinni eign á árinu 2020 (ma.kr.)



*Þar með talið 2,0 milljarða kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

Hrein raunávöxtun 2020



246.054

Fjöldi sem á réttindi hjá Gildi

6.419


Fjöldi launagreiðenda 2020

51.882

Fjöldi sem greiddi iðgjöld 2020

Eignir Gildis í lok árs 2020

- Innlán
- Bundin innlán
- Innlend hlutabréf
- Erlend verðbréf
- Afleiður
- Veðskuldabréf
- Ríkistryggð skuldabréf
- Skuldabréf sveitarfélaga
- Skuldabréf banka
- Skuldabréf fyrirtækja



Ávarp stjórnarformanns

Árið 2020 var um margt einstakt og erfitt vegna heimsfaraldursins, sem ógnaði heilsu og lífi þjóða og batt efnahagslíf í klakabönd óvenju djúprar kreppu. Fyrir Gildi-lífeyrissjóð var þetta hins vegar gott ár hvað snertir algengustu mælikvarða á árangur lífeyrissjóða – ávöxtun og eignaaukningu. Eignir sjóðsins jukust um 103 milljarða króna og voru í lok árs 764 milljarðar. Nafnávöxtun eigna að frádregnum kostnaði var 13,6% sem skilar hreinni raunávöxtun upp á 9,7%. Þessi góða ávöxtun kemur í kjölfar enn betri árangurs ársins á undan þegar raunávöxtun var 12,1%.

Þessi tvö góðu ár hafa bætt bæði langtímaávöxtun sjóðsins og getu hans til að standa við skuldbindingar um framtíðargreiðslur lífeyris til sjóðfélaga. Hrein raunávöxtun eigna síðustu 5 ára var 5,7% og ávöxtun síðustu 30 ára var 5,0% – vel yfir 3,5% viðmiðinu sem lífeyrissjóðir setja sér.

Hjá samtryggingardeild Gildis fengu 15.907 einstaklingar ellilífeyri á árinu, 6.582 fengu örorkulífeyri, makalífeyrisþegar voru 2.060 og barnalífeyri fengu 1.118 einstaklingar. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu tæpum 20 milljörðum króna en iðgjöld voru um 32 milljarðar. Fjárfestingartekjur ársins voru um 91 milljarður, meirihlutinn af erlendum eignum, en eignir sjóðsins í erlendri mynt eru tæplega 38% af heildareignum sjóðsins eftir talsverða aukningu á síðustu árum.

Áhrif kreppunnar

Þó uppskera ársins 2020 hafi verið góð hjá Gildi setti Kóvíd-kreppan mark sitt á starfsemina á árinu. Loka þurfti afgreiðslu sjóðsins tímabundið og afgreiða erindi í síma eða á netinu í auknum mæli, eða með bókudum fundum. Þetta gekk þó vel. Margir sjóðfélagar misstu hins vegar vinnuna og lentu í greiðsluerfiðleikum. Hátt í 8.000 sjóðfélagar voru skráðir atvinnulausir í árslok og hafði þeim fjölgað úr tæpum 3.000 árið á undan. Þessu fylgdi að iðgjaldagreiðandi sjóðfélögum fækkaði um tæplega 2.800 á árinu, úr 54.700 í um 51.900. Gildi bauð lántakendum að frysta greiðslur af lánunum sínum og nýttu 190 sjóðfélagar sér það. Um áramótin hafði þeim fækkað niður í 48 og fjárhæðin sem þá var enn í frystingu nam rúmlega 1,5 milljarði. Það voru um 2,6% af heildareftirstöðvum sjóðfélagalána. Um 420 sjóðfélagar nýttu sér heimild til að taka út séreignarsparnað hjá sjóðnum vegna kreppunnar og nam útgreiðslan einungis um 137 milljónum króna.

Á undanförunum árum hafa sjóðfélagar tekið veðlán hjá sjóðnum í ríkum mæli en á árinu varð breyting á því er bankarnir tóku að bjóða lægri vexti en lífeyrissjóðirnir. Því varð meira um uppgreiðslur sjóðfélagalána á árinu en tóku nýrra lána (15,5 milljarðar á móti 14,5 milljörðum). Nýlega lækkaði Gildi vexti á sjóðfélagalánum á ný og rýmkaði skilyrði þannig að sjóðurinn býður nú vel samkeppnishæf lánakjör til sjóðfélaga.

Hluthafastefna

Gildi hefur að mörgu leyti verið leiðandi meðal lífeyrissjóða í framkvæmd hluthafastefnu sem felur í sér að Gildi sem eigandi beitir sér „í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni og góðum stjórnarháttum þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í“, eins og segir í hluthafastefnu sjóðsins. Sjóðurinn kemur sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja og beitir sér við val stjórnarmanna og í atkvæðagreiðslum á ársfundum fyrirtækja sem hann á eignarhluti í. Á heimasíðu sjóðsins er opinberlega skráð hvernig þessi framkvæmd hefur verið. Gildi hefur til dæmis beitt sér gegn óhóflegum hækkunum launa og fríðinda stjórnenda í einstökum



Stefán Ólafsson, stjórnarformaður Gildis-Lífeyrissjóðs

félögum og sjóðurinn hefur selt sig út úr félögum sem ekki hafa haft góða stjórnarhætti í hávegum. Aðhald frá stórum eiganda í íslensku atvinnulífi, eins og Gildi er, og staða sjóðsins sem vörsluaðila almannahagsmuna á að skipta máli fyrir framgang heilbrigðra viðskiptahátta og samfélagslega ábyrgra stjórnarhátta í fyrirtækjum þar sem Gildi er meðeigandi. Framkvæmd hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar þarf því að vera öflug og árangursrík.

Hækkandi lífaldur kallar á ný viðmið

Þegar lífeyrissjóðirnir á almennum markaði voru stofnaðir um 1970 var meðalævi karla tæp 72 ár en kvenna um 77 ár. Nú lifa karlar að meðaltali um 9 árum lengur og konur tæpum 7 árum lengur. Þetta eru auðvitað ánægjuleg tíðindi sem hins vegar fela í sér nýjar áskoranir fyrir lífeyrissjóðina. Tekið hefur verið tillit til þessara breytinga að hluta á fyrri árum en hins vegar hefur dregist um of að byggja tryggingafræðilegt mat á getu sjóðanna til að standa við skuldbindingar sínar á nýjustu spám um ævilíkur. Það þarf að laga. Þó stóru lífeyrissjóðirnir hafi nú nokkurt borð fyrir báru til að taka á þessu (tryggingafræðileg staða Gildis er nú jákvæð um 4%) þá er þetta svo mikil lenging á greiðslutímabili ellilífeyris að það kann að kalla á breytingar á réttindakerfinu sem taka þarf afstöðu til á næstunni. Þannig þarf til dæmis að ræða í umhverfi sjóðanna og bakhjarla þeirra atriði eins og hækkun lífeyristökualdurs (valfrjálsa eða skilyrta), iðgjaldagreiðslur og réttindaávinning. Einnig hlutverk almannatrygginga. Háar örorkulíkur eru einnig viðvarandi áhyggjuefni lífeyrissjóða. Gildi er að umtalsverðu leyti lífeyrissjóður erfðisvinnufólks og því er tíðni örorku meðal sjóðfélaga meiri en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Mikilvægt framlag ríkisins til að jafna örorkubyrði milli lífeyrissjóða dugir hins vegar ekki til að ná því marki að fullu.

Jöfnun réttinda og hlutverk almannatrygginga

Á árunum 2016 til 2018 voru iðgjöld til lífeyrissjóðanna á almennum markaði hækkuð til að jafna réttindi sjóðfélaga við það sem tíðkast hefur í opinbera geiranum, en miklu hefur munað á lífeyriskjörum starfsmanna þessara geira atvinnulífsins. Sá áfangi er fagnaðarefni fyrir lífeyrisþega framtíðarinnar, en hins vegar er rétt að hafa í huga að það mun enn taka hátt í 40 ár fyrir þessa jöfnun að koma að fullu til framkvæmda með árlegri uppsöfnun réttinda. Á meðan því marki er ekki náð er mikilvægt að almannatryggingar bæti vel við lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna, svo lífeyriskjör fólks af almennum markaði verði viðunandi. Ástæða er til að ætla að ríkisvaldið beiti skerðingum gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum í of miklum mæli og að framlag almannatrygginga til lífeyrisgreiðslna sé því of lítið við núverandi skipan.

Starf stjórnar

Óháðir endurskoðendur árituðu ítarlega ársskýrslu Gildis að þessu sinni án nokkurra athugasemda, sem er fátítt. Hið sama má segja um úttekt endurskoðunarnefndar stjórnarinnar. Stjórnin hélt 22 fundi á árinu, auk tveggja daga stefnumótunarfundar í lok október. Stöðugildi hjá sjóðnum voru 39,5 og hafði fjölgað um 2,9 frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður ársins er 1.056 m.kr. en var 937 m.kr. árið 2019. Launagreiðslur og rekstur tölvukerfa voru stærstu kostnaðarliðir. Rekstrarkostnaður hækkaði lítillega í hlutfalli við iðgjöld, enda fækkaði iðgjaldagreiðendum vegna Kóvíð-kreppunnar. Rekstrarkostnaður sem hlutfall heildareigna sjóðsins var áfram 0,15% eins og árið 2019. Árið 2018 var hlutfallið hins vegar 0,16%.

Stjórnarstarf í stórum lífeyrissjóði er krefjandi og krefst mikilla yfirferða gagna og skýrslna og oft á tíðum erfiðra ákvarðana. Umræður í stjórninni hafa verið opnar og málefnalegar og samstarf gott meðal stjórnarmanna og við stjórnendur og starfslíð sjóðsins. Fyrir það vil ég þakka sérstaklega. Einnig vil ég fyrir hönd stjórnar þakka sjóðfélögum sýndan skilning á erfiðum aðstæðum vegna faraldursins á árinu. Við sjáum vonandi fram á bjartari tíð á árinu 2021.



Efri mynd: Starfsmenn Landssmiðjunnar, járnsmiðju og skipasmíðastöðvar í eigu ríkisins, á kaffistofu fyrirtækisins.

Neðri mynd: Starfsmenn Landssmiðjunnar við störf sín. Báðar myndir eru teknar í mars 1944. Ljósmyndir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Sigurhans Vignir.

Verðbréfamarkaðir

Innlendur verðbréfamarkaður

Verðbólga og vextir innanlands

Innlendir markaðs- og stýrivextir hafa lækkað síðustu misseri og sú þróun hélt áfram á árinu 2020, sérstaklega í kjölfar upphafs Covid-19 faraldursins í febrúar 2020. Seðlabankinn brást skjótt við snörpum samdrætti í efnahagslífinu, einkum ferðaþjónustu, með hröðum lækkunum stýrivaxta og tilslökunum á eiginfjár- og lausafjárkröfum innlendu bankanna til að veita þeim frekara svigrúm til aðstoðar við fyrirtæki og heimili.

Á vormánuðum 2020 veiktist krónan gagnvart helstu myntum. Verðbólgan á árinu hækkaði úr 2,0% í lok árs 2019 í 3,6% í lok árs 2020 sem er nokkuð yfir 2,5% verðbólguþætti Seðlabanka Íslands.

Seðlabankinn lækkaði stýrivexti um 2,25 prósentustig á árinu 2020, úr 3% í 0,75%, m.a. vegna áhrifa Covid-19 sem og minni verðbólguvæntinga til lengri tíma lítið.

3,6%

Verðbólga á árinu 2020

0,75%

Stýrivextir við lok árs 2020

-2,85%


Raunstýrivextir við lok árs 2020

Innlendur skuldabréfamarkaður

Miklar hreyfingar áttu sér stað á árinu 2020 á innlendum skuldabréfamarkaði. Þannig hækkuðu bæði verðtryggð og óverðtryggð ríkisskuldabréf í verði framan af ári en upp úr miðju ári sneri sú þróun við og verð ríkisskuldabréfa lækkaði jafnt og þétt það sem eftir lifði árs. Tíu ára verðbólguálag á markaðnum stóð í 2,8% í lok ársins samanborið við 2,3% í árslok 2019. Velta með innlend skuldabréf nam 1.768 mö. kr. á árinu 2020 og jókst um 25,9% milli ára.


Þróun innlendra skuldabréfa á árinu 2020, mæld með verðtryggðri vísitölu og óverðtryggðri vísitölu

Heimild: Nasdaq Iceland



Uppsöfnuð ávöxtun innlendra hlutabréfa við lok hvers mánaðar miðað við heildarvísitölu hlutabréfa, OMXI GI

Heimild: Nasdaq Iceland & Kodiak Excel




Innlendur hlutabréfamarkaður

Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði var mjög sveiflukennd innan ársins. Í byrjun árs varð skörp lækkun á mörkuðum sem skrifast að mestu á áhrif Covid-19 faraldursins. Á öðrum og þriðja ársfjórðungi stóð markaðurinn nokkurn veginn í stað en undir lok ársins tóku fréttir að berast af því að bóluefni gegn Covid-19 væri tilbúið til framleiðslu og tóku þá markaðir innanlands og erlendis að glæðast með miklum hækkunum. Sé tekið mið af heildarvísitölu hlutabréfa (OMXI GI) þar sem tekið er tillit til arðgreiðslna félaga var ávöxtun hlutabréfa á íslenska markaðnum um 25,9% yfir árið. Ef aðeins er horft á þróun hlutabréfaverðs, og arðgreiðslur ekki taldar með, var ávöxtunin jákvæð sem nemur 24,3% (OMXI PI). Náðu verðhækkunir hápunkt í desember þegar hækkun vísitölunnar nam 10,4%.

* Icelandic Salmon er skráð í Noregi. Ávöxtun er mæld í íslenskrí krónu (var 24,7% mæld í norskrí krónu).

** Össur er skráð í Danmörku. Ávöxtun er mæld í íslenskrí krónu (var -7,4% mæld í danskrí krónu).

Ávöxtun skráðra innlendra hlutabréfa á árinu 2020, arðsleiðrétt



Heimild: Nasdaq Iceland

Velta í viðskiptum með hlutabréf félaga á íslenska markaðnum minnkaði óverulega milli ára eða um 1,6%, fór úr 610 mð. kr. árið 2019 í 600,5 ma. kr. árið 2020. Leiðrétt fyrir arði gáfu hlutabréf Kviku hæsta ávöxtun innlendra félaga á árinu 2020, eða 63,5%. Fast á hæla Kviku kom TM sem hækkaði um 53,6% en þessi félög tilkyntu um sameiningaráform sín á þriðja ársfjórðungi 2020. Af þeim 19 félögum sem skipuðu íslenska markaðinn í lok árs, auk Össurar sem nú er einungis skráð í kauphöllina í Kaupmannahöfn, hækkaði virði allra félaga nema Reita og Icelandair. Virði Icelandair lækkaði fimmta árið í röð og nam lækkun félagsins á árinu um 78,3%.

Erlendir verðbréfamarkaðir

Ýmsir þættir hafa áhrif á ávöxtun sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum. Gengisþróun íslensku krónunnar getur haft mikið að segja, til hækunar eða lækkunar á erlendu eignasafni sjóðsins.

Gengisþróun íslensku krónunnar

Gengisvísitala íslensku krónunnar lækkaði um 11,6% á árinu 2020. Mikil lækkun varð á gengi krónunnar á fyrri hluta ársins þegar áhrif Covid-19 komu fram en sú lækkun gekk að einhverju leyti til baka þegar leið á árið. Á árinu 2020 styrktist gengi breska pundsins gagnvart íslensku krónunni um 8,9%, Bandaríkjadalur styrktist um 5,0% og evran um 14,9%.

Verðbreytingar erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni á árinu 2020

+5,0%

Bandaríkjadalur

+14,9%

Evra

+8,9%


Breskt pund

Erlendir skuldabréfamarkaðir

Erlend ríkisskuldabréf hækkuðu í verði á fyrri hluta ársins 2020 á meðan nánast allir aðrir skuldabréfaflokkar lækkuðu. Fjárfestar brugðust við óvissunni vegna Covid-19 faraldursins með því að leita í mesta öryggið og kaupa þau skuldabréf sem höfðu hvað hæsta lánshæfiseinkunn. Bandaríski seðlabankinn leiddi aðgerðaáætlun með vaxtalækkun tvívegis í marsmánuði þar sem viðmið stýrivaxta var 0-0,25%. Evrópski seðlabankinn hóf magnbundna íhlutun af miklum krafti í kjölfarið sem hefur verið u.þ.b. tvöfölduð að umfangi síðan hún var kynnt til leiks. Á seinni hluta ársins snerist þróunin við þegar ríkisskuldabréf lækkuðu í verði á sama tíma og önnur skuldabréf hækkuðu. Niðurstaðan í lok árs var að markaðir höfðu rétt úr kútnum og vaxtaálag ofan á ríki hafði lækkað niður í gildi ársins 2019. Góð ávöxtun var á erlendum skuldabréfum á árinu en heimsvísitala skuldabréfa hækkaði um 9,2% mæld í Bandaríkjadal. Að teknu tilliti til gengisveikingar krónunnar var ávöxtun hennar mæld í krónum enn hærrí, eða 14,7%.

Þróun heimsvísitölu skuldabréfa (Bloomberg Barclays Global Aggregate Bond Index) á árinu 2020, mæld í Bandaríkjadal og íslenskri krónu

Heimild: Bloomberg og Seðlabanki Íslands




Erlendir hlutabréfamarkaðir

Árið 2020 var sveiflukennt á erlendum hlutabréfamörkuðum eins og sjá má á mynd sem sýnir heimsvísitölu hlutabréfa, en hún samanstendur af hlutabréfum skráðum á helstu verðbréfamörkuðum heims. Heimsvísitala hlutabréfa mæld í Bandaríkjadal hækkaði um 15,9%, eftir miklar lækkanir á fyrri helmingi ársins þegar áhrif af Covid-19 urðu fyrst ljós. Að teknu tilliti til veikingar íslensku krónunnar er niðurstaðan jákvæð ávöxtun upp á 21,8% en veiking krónunnar mildaði áhrif lækkunar á erlendum hlutabréfamörkuðum framan af árinu eins og sjá má á mynd hér að neðan.

Þróun heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI World Index) á árinu 2020, mæld í Bandaríkjadal og íslenskri krónu

Heimildir: Bloomberg og Seðlabanki Íslands



Bandaríska S&P 500 hlutabréfavísitalan hækkaði um 16,3% á árinu 2020 mæld í Bandaríkjadal, en hækkunin nam 22,1% mæld í íslenskum krónum. Gengi hlutabréfa í Evrópu lækkaði um 5,4% á árinu mælt í evrum en hækkaði um 8,7% mælt í íslenskri krónu. Hlutabréfavísitalan MSCI Emerging Market, sem endurspeglar gengi hlutabréfa á nýmörkuðum, hækkaði um 15,8% á árinu mæld í Bandaríkjadal eða sem nemur 21,7% mæld í íslenskum krónum.

Ársbreyting vísitalna helstu erlendra hlutabréfamarkaða á árinu 2020, mæld í heimamynt

16,3% í USD

Bandaríkin (S&P 500)

-5,4% í EUR

Evrópa (MSCI Europe)

15,8% í USD

Nýmarkaðir (MSCI EM)



Efri mynd: Unnið við síldarverkun. Áætlað er að myndin sé tekin á árunum 1957 til 1967. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Sigurður Demetz Franzson.

Neðri mynd: 1960, Siglufjörður. Starfsfólk við síldarsöltun á Siglufirði árið 1960. Ljósmynd Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Johannes Langenbacher.




Konur við störf í frystihúsi SÍS við Kirkjusand í febrúar 1975.
Ljósmyndir: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Kristjón Haraldsson.

Samtryggingardeild

Lykiltölur 2020

Breyting á hreinni eign samtryggingardeildar á árinu 2020 (ma.kr.)



*Þar með talið 2,0 milljarða kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

12,1

Greiddur ellilífeyrir (ma.kr.)

5,7

Greiddur örorkulífeyrir (ma.kr.)

1,2

Greiddur barna- og makalífeyrir (ma.kr.)

15.907

Fjöldi ellilífeyrisþega


6.582

Fjöldi örorkulífeyrisþega


3.178

Fjöldi barna- og makalífeyrisþega


Ávöxtun samtryggingardeildar 2020



Tryggingafræðileg staða




Hrein meðalraunávöxtun samtryggingardeildar



Sjóðfélagar

Í árslok 2020 voru sjóðfélagar Gildis alls 246.054 og hafði þeim fjölgað um 1,7% á milli ára. Sjóðfélagar teljast þeir sem einhvern tímann hafa greitt iðgjöld til Gildis og eiga réttindi í sjóðnum. Þeir sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2020 voru alls 51.882 og er þetta annað árið í röð sem greiðandi sjóðfélögum fækkar. Má eflaust að stórum hluta rekja þá fækkun til áhrifa af Covid-19.


Fjöldi greiðandi sjóðfélaga



Þeir sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2020 voru frá 141 landi og báru alls 134 ríkisföng. Hlutfall Íslendinga í sjóðnum (þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang) var um 65%. Af þeim sem eru með erlent ríkisfang eru Pólverjar fjölmennastir (15,5%), þar á eftir koma Litháar (4,8%) og Lettar (1,9%).

Aldursdreifing kynja er áþekkt en flestir sjóðfélagar voru á aldrinum 18 til 29 ára. Af þeim sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2020 voru um 57% karlar og 43% konur.

Aldursdreifing sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld á árinu 2020



Skipting sjóðfélaga eftir atvinnugreinum

| Atvinnugreinar | Hlutfall sjóðfélaga |
|---|---------------------|
| Opinber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar | 29,9% |
| Rekstur gististaða og veitingarekstur | 12,0% |
| Framleiðsla | 11,7% |
| Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð | 8,6% |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 7,9% |
| Heild- og smásöluverslun | 6,4% |
| Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 6,1% |
| Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar | 3,9% |
| Flutningar og geymsla | 2,5% |
| Annað | 11,0% |
| Samtals | 100,0% |


Iðgjöld

Alls greiddu 6.419 launagreiðendur iðgjöld til Gildis fyrir 51.882 sjóðfélaga á árinu 2020. Launagreiðendum sem greiddu til Gildis fækkaði um tólf milli ára sem er viðsnúningur því þeim hafði fjölgað jafnt og þétt árin áður. Ljóst er að fækkunina má rekja til áhrifa Covid-19 sem hafði víðtæk áhrif í efnahagslífinu.

Áhrifin má líka sjá þegar bornar eru saman tölur um þær atvinnugreinar sem flestir störfuðu við árið 2020 og tölur ársins á undan. Árið 2019 störfuðu flestir sjóðfélagar Gildis við rekstur gististaða og veitingarekstur, eða 19,3%. Árið 2020 var sá flokkur orðinn sá sem næstflestir störfuðu innan, eða 12,0%. Flestir greiðandi sjóðfélagar Gildis féllu árið 2020 undir flokkinn „Opinber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar“ eða 29,9% til móts við 18,1% árið áður. Undir þann flokk falla meðal annars sjóðfélagar sem fá greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Hlutfall atvinnulausra af virkum sjóðfélögum árið 2019 var 5,3% en fór upp í 14,9% á árinu 2020.

Heildariðgjöld sem greidd voru til sjóðsins á árinu námu 30,6 mö. kr., þar af voru 30,2 ma. kr. greiddir í samtryggingardeild. Við það bætist árlegt örorkuframlag úr ríkissjóði sem nam um 2 mö. kr. fyrir árið 2020.

Þróun iðgjalda samtryggingardeilda á föstu verðlagi (í milljörðum króna)



Allir launamenn greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá 16 ára aldri. Á móti iðgjöldum launamanns kemur framlag launagreiðanda. Árið 2020 voru að lágmarki greidd 12% af heildarlaunum sjóðfélaga. Fyrir flesta sjóðfélaga Gildis er iðgjaldið hærra því frá júlí 2016 til júlí 2018 hækkaði mótframlag launagreiðenda í

tilviki flestra sjóðfélaga í þrepum úr 8,0% í 11,5%. Þetta átti meðal annars við um þá sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Sjóðfélagar fá sent yfirlit tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda til sjóðsins. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun réttinda sinna og gengið úr skugga um að greiðslur skili sér frá launagreiðanda. Þessar upplýsingar eru einnig aðgengilegar á sjóðfélagavef Gildis.


Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu alls 18.998 milljónum króna árið 2020 og hækkuðu um 8,2% á milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 2,5% á árinu 2020 samanborið við 2,7% á árinu 2019. Lífeyrisbyrði í árslok var 60,7%.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar (í milljónum króna)

| | 2020 | 2019 | Breyting milli ára |
|----------------|---------------|---------------|--------------------|
| Ellilífeyrir | 12.129 | 11.184 | 8,5% |
| Örorkulífeyrir | 5.693 | 5.268 | 8,1% |
| Makalífeyrir | 1.003 | 951 | 5,4% |
| Barnalífeyrir | 173 | 158 | 9,5% |
| Samtals | 18.998 | 17.561 | 8,2% |

Lífeyrisgreiðslur á föstu verðlagi (í milljörðum króna)



Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingardeild

Lífeyrisþegar voru 25.667 á árinu 2020. Þar af fengu 9 lífeyrisþegar einnig greiddan makalífeyri frá Umsjónarnefnd eftirlauna, samtals rúmlega 1,1 milljón króna.

Fjöldi lífeyrisþega eftir tegund lífeyris


| | 2020 | 2019 | Breyting milli ára |
|---------------------|---------------|---------------|--------------------|
| Ellilífeyrisþegar | 15.907 | 15.247 | 4,3% |
| Örorkulífeyrisþegar | 6.582 | 6.180 | 6,5% |
| Makalífeyrisþegar | 2.060 | 2.039 | 1,0% |
| Barnalífeyrisþegar | 1.118 | 1.084 | 3,1% |
| Samtals | 25.667 | 24.550 | 4,5% |

Lán til sjóðfélaga


Á árinu 2020 veitti Gildi alls 987 ný lán til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 14.460 milljónir króna en árið 2019 voru lánin alls 1.272 talsins að fjárhæð 20.557 milljónir króna. Lánveitingar hafa dregist saman undanfarin tvö ár eftir að þeim hafði fjölgað mikið árin áður eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Árið 2020 einkenndist af mikilli endurfjármögnun og uppgreiðslum en alls voru greidd upp sjóðfélagalán að fjárhæð 15.465 milljónir króna. Í heildina voru uppgreiðslur sjóðfélagalána því rúmum milljarði króna hærri en veitt ný lán á árinu. Lánveitingar til húsnæðisakaupa færðust í miklum mæli yfir til bankanna seinni hluta ársins vegna hagstæðari vaxtakjara þar. Merki eru um að sú þróun hafi nú snúist við í kjölfarið á ákvörðun stjórnar sjóðsins í lok janúar 2021 um að lækka breytilega vexti bæði verðtryggðra og óverðtryggðra lána sjóðsins og hækka veðhlutfall úr 70% í 75%.

Útistandandi sjóðfélagalán voru 4.425 talsins í lok árs 2020, samtals að fjárhæð 57,0 milljarðar króna.


Fjöldi veittra sjóðfélagalána á ári



Heildarfjárhæð veittra sjóðfélagalána á ári (í milljörðum króna)



Útlán á móti uppgreiðslu lána (í milljörðum króna)



Lánareglur Gildis eru sveigjanlegar og bjóða upp á ýmsa möguleika fyrir sjóðfélaga. Allir sem eiga einhver réttindi hjá Gildi, hvort sem um er að ræða í samtryggingar- eða séreignardeild, geta sótt um lán hjá sjóðnum. Sjóðfélagar geta valið um verðtryggð lán með föstum eða breytilegum vöxtum eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum. Lánað er til allt að 40 ára. Lánunum er skipt í tvo hluta eftir veðhlutfalli þeirra. Á árinu 2020 gátu sjóðfélagar fengið grunnlán með veðsetningu á bilinu 0–60% af virði fasteignar og viðbótarlán með veðsetningu á bilinu 60–70%, með vaxtaálagi miðað við grunnlánið. Þessi hlutföll voru hækkuð eins og áður sagði í lok janúar 2021 í 0-65% veðsetningu vegna grunnlána og 65-75% veðsetningu vegna viðbótarlána.


Eitt þeirra úrræða sem stjórnvöld buðu upp á til að draga úr efnahagslegum áhrifum vegna útbreiðslu Covid-19 var að heimila einstaklingum sem sáu fram á tekjutap að frysta afborganir af lánum sínum. Á árinu 2020 nýttu 190 lántakendur þetta úrræði hjá Gildi og frystu þeir samtals 236 lán hjá sjóðnum. Heildareftirstöðvar lána sem fengu frystingu á árinu 2020 eru 5,7 ma. kr. sé miðað við stöðu þeirra í árslok.

Um áramót voru 48 lántakendur enn með samtals 61 lán í frystingu hjá sjóðnum og námu eftirstöðvar þeirra lána samtals 1.508 millj. kr. Það þýðir að 2,7% af heildareftirstöðvum sjóðfélagalána voru í frystingu í árslok.

Ávöxtun


Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Gildis á árinu 2020 nam 13,6% en var 15,1% árið 2019. Hrein raunávöxtun var 9,7% samanborið við 12,1% árið áður.

Ávöxtun samtryggingardeildar 2020




Nafnávöxtun erlendra skráðra hlutabréfa var hæst allra eignaflokka annað árið í röð, en hún var 24,9% á árinu 2020. Erlendir skuldabréfasjóðir skiluðu 22,9% ávöxtun og innlend skráð hlutabréf skiluðu 20,9% ávöxtun. Annað árið í röð ráku innlend óskráð hlutabréf lestina hvað ávöxtun varðar, á árinu 2020 var hún neikvæð um 0,9%. Nafnávöxtun erlendra óskráðra hlutabréfa var mun betri, eða 8,4%. Vegin meðalávöxtun innlendra skuldabréfa var 7,4%.


Nafnávöxtun eignaflokka samtryggingardeildar 2020



Nafnávöxtun samtryggingardeildar síðastliðin 10 ár




Raunávöxtun samtryggingardeildar síðastliðin 10 ár



Sé horft til lengra tímabils nemur 5 ára meðalnafnávöxtun samtryggingardeildar 8,5% og meðalraunávöxtun 5,7%. 20 ára meðalnafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins nemur 8,8% og meðalraunávöxtun 4,1%.

Ávöxtun samtryggingardeildar



Fjárfestingar


Alls námu verðbréfa kaup í samtryggingardeild sjóðsins 96,9 mö. kr. á árinu 2020. Sala verðbréfa á sama tímabili nam 49,4 mö. kr. Nettó fjárfestingar samtryggingardeildar námu því 47,5 mö. kr. á árinu samanborið við 42,6 ma. kr. á árinu 2019. Ríkistryggð skuldabréf voru keypt fyrir 17,1 ma. kr. umfram það sem selt var fyrir í þeim flokki, skuldabréf fyrirtækja voru keypt fyrir 9,7 ma. kr. og skuldabréf banka fyrir 6,2 ma. kr. Innlend skráð hlutabréf voru keypt fyrir 6,3 ma. kr. umfram þau sem voru seld. Þess utan voru nettó viðbætur í flokkum erlendra skráðra og óskráðra hlutabréfa auk skuldabréfa með ábyrgð sveitarfélaga. Lán til sjóðfélaga, undir flokki veðskuldabréfa, jukust nokkuð en á móti komu umtalsvert meiri uppgreiðslur en raunin hefur verið síðastliðin ár; var þar um að ræða nettó neikvæða hreyfingu innan ársins.

Fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2020 (í milljörðum króna)



Eignasafn samtryggingardeildar Gildis við árslok 2020


Verðbréfasafn Gildis samanstendur af fjölda eigna sem skiptast í mismunandi flokka eftir eðli þeirra. Hér að neðan og á næstu síðum er veitt innsýn í eignasafn sjóðsins frá nokkrum ólíkum sjónarhornum. Hægt er að kynna sér nánari upplýsingar og sundurliðun safnsins í ársreikningi sjóðsins, m.a. í skýringum 6, 7, 8, 11, 12 og 14. Í árslok 2020 skiptist eignasafn samtryggingardeildar á eftirfarandi hátt:




Þróun eignasafns samtryggingardeildar

Eignasafn samtryggingardeildar Gildis hefur tekið miklum breytingum síðasta áratug eins og sést á myndum hér að neðan. Vægi innlendra hlutabréfa óx jafnt og þétt til ársins 2016, næstu ár dró lítillega úr hlutfalli þeirra en það jókst á ný árið 2020. Undanfarin ár hefur vægi erlendra verðbréfa aukist, sérstaklega allra síðustu ár. Vægi annarra skuldabréfa en ríkisskuldabréfa hefur aukist á kostnað ríkistryggðra skuldabréfa, einkum má benda á auknið vægi veðskuldabréfa allra síðustu ár þar sem sjóðfélagalán vega þyngst þótt dregið hafi úr þeirri aukningu árið 2020.


Eignasafn samtryggingardeildar eftir eignaflokkum (í milljörðum króna)



Hlutfallsleg skipting samtryggingardeildar eftir eignaflokkum




Innsýn í eignasafn samtryggingardeildar við árslok 2020




Innlent skuldabréfasafn

Í árslok 2020 nam virði innlends skuldabréfasafns samtryggingardeildar 315 milljörðum króna eða sem nemur 41,8% heildarverðbréfaeignar. Ríkistryggð skuldabréf eru undirstaða innlendu skuldabréfaeignarinnar þótt vægi þeirra hafi farið minnkandi síðustu ár. Aðrir helstu flokkar skuldabréfa í safni Gildis eru skuldabréf fyrirtækja, skuldabréf banka, skuldabréf sveitarfélaga og veðskuldabréf. Umtalsverður hluti veðskuldabréfa eru sjóðfélagalán. Frekari upplýsingar um innlend skuldabréf má finna í skýringum 7 og 12 í ársreikningi. Ávöxtun innlendra skuldabréfa var góð á árinu eins og sést á myndinni hér fyrir neðan. Skuldabréf banka gáfu best af sér ásamt skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði. Innlend skuldabréf skiluðu að meðaltali um 7,4% nafnávöxtun á árinu 2020.


Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa árið 2020



Í árslok 2020 var hlutfall ríkistryggðra skuldabréfa 47,5% af innlendra skuldabréfaeign samtryggingardeildar. Hlutfall veðskuldabréfa af innlendra skuldabréfaeign var 19,4%, hlutfall skuldabréfa fyrirtækja var 12,5%, skuldabréf útgefín af bönkum voru 16,0% og skuldabréf sveitarfélaga 4,6%.



Innlent skuldabréfasafn samtryggingardeildar (315,0 milljarðar króna)



Ríkistryggð skuldabréf

Við árslok var meirihluti þeirra skuldabréfa sem hafa beina eða óbeina ríkisábyrgð í safni Gildis útgefinn af Íbúðalánasjóði eða forverum hans, eða 67,3%. Ríkissjóður stóð beint að baki skuldabréfum að andvirði 48,2 ma. kr. Meirihluti ríkistryggðra skuldabréfa, eða 75,5%, er verðtryggður.

Ríkistryggð skuldabréf (149,7 milljarðar króna)




Veðskuldabréf

Lán til sjóðfélaga eru flokkuð meðal veðskuldabréfa samtryggingardeildar. Sjóðfélagalán námu samtals 57,0 mö. kr. í árslok 2021. Þar af voru 76,3% verðtryggð en 23,7% óverðtryggð. Óverðtryggðu sjóðfélagalánin eru öll á breytilegum vöxtum en þau verðtryggðu skiptast þannig að 39,5% eru á föstum vöxtum og 60,5% á breytilegum vöxtum. Önnur veðskuldabréf, s.s. veðskuldabréf fyrirtækja, námu 4,2 mö. kr. í árslok.

Veðskuldabréf (61,2 milljarður króna)





Skuldabréf fyrirtækja

Stærstur hluti skuldabréfa fyrirtækja í eignasafni samtryggingardeildar er gefinn út af fasteignafélögum, eða 71,6%. Næst á eftir koma skuldabréf orku- og innviðafyrirtækja sem telja um 12,5%, rekstrarfélög um 8,6% og annað 7,3%.

Skuldabréf fyrirtækja (39,3 milljarðar króna)

| | | | |
|------------------------|-------------|-------------------------|----------------------|
| Fasteignafélög 28,1 | Annað 2,9 > | Orka og innviðir 4,9 | Rekstrarfélög 3,4 |
| | | | |

Skuldabréf banka

Stærsti hluti skuldabréfa banka voru verðtryggð, eða 78,3% en 21,7% þeirra voru óverðtryggð. Stærstur hluti skuldabréfa í þessum flokki, eða um 99,7%, eru sértryggð skuldabréf banka.

Skuldabréf banka (50,3 milljarðar króna)

| | |
|--------------------|---------------------|
| Verðtryggð 39,4 | Óverðtryggð 10,9 |
|--------------------|---------------------|

Skuldabréf sveitarfélaga

Skuldabréf útgefin milliliðalaust af sveitarfélögum voru 33,2% af safni sveitarfélagabréfa í árslok 2020. Láнасjóður sveitarfélaga var útgefandi 43,0% bréfa safnsins og skuldabréf fyrirtækja útgefin með ábyrgð sveitarfélaga voru 23,9%.

Skuldabréf sveitarfélaga (14,5 milljarðar króna)

| | | |
|---------------------------------|---------------------------------|--------------------------------|
| Láнасjóður sveitarfélaga 6,2 | Skuldabréf sveitarfélaga 4,8 | Önnur sveitarfélagabréf 3,5 |
|---------------------------------|---------------------------------|--------------------------------|


Innlent hlutabréfasafn

Virði innlends hlutabréfasafns samtryggingardeildar Gildis var 150,9 ma. kr. í árslok 2020, eða 20,0% heildareigna. Meginuppistaða innlenda hlutabréfasafnsins eru hlutabréf skráð í kauphöllinni Nasdaq Iceland, en hluti bréfanna er skráður í kauphöllum Norðurlanda og Hollands. Óskráð hlutabréfaeign samtryggingardeildar er að mestu annars vegar í framtakssjóðum og hins vegar í félögum stofnuðum utan um eignarhluti í ákveðnum félögum, s.s. vegna meðfjárfestinga í fjárfestingarverkefnum framtakssjóða sem Gildi er hluthafi í. Auk hefðbundinna framtakssjóða er um að ræða sjóði sem leggja sérstaka áherslu á fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum og fjárfestingar í fasteignum. Upplýsingar um fjárfestingar í innlendum hlutabréfum má finna í skýringum 6 og 11 í ársreikningi.

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa árið 2020

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var 17,0% á árinu 2020. Skráð hlutabréf gáfu hæsta ávöxtun, eða 20,9%, en framtakssjóðir gáfu 2,8% ávöxtun og óskráð hlutabréf, þ.e. bein fjárfesting í einstökum félögum, neikvæða 3,6% ávöxtun.

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa árið 2020




Innlent hlutabréfasafn samtryggingardeildar

Við árslok 2020 voru 85,1% eigna sem teljast til innlendra hlutabréfa skráð á markað en 14,9% voru í óskráðum eignum, þ.e. í framtakssjóðum og beinum fjárfestingum í hlutabréfum óskráðra félaga.

Innlent hlutabréfasafn (150,9 milljarðar króna)






Innlent skráð hlutabréfasafn

Markaðsvirði innlends skráðs hlutabréfasafns samtryggingardeildar Gildis var 128,3 ma. kr. í lok árs 2020. Skráða hlutabréfasafnið samanstóð þá af 18 félögum. Stærsta einstaka eign í safninu var 4,5% hlutur í matvælatæknifyrirtækinu Marel, en virði hans nam 27,4 mö. kr. í árslok 2020 eða sem nemur 21,3% af heildarvirði innlendra skráðra hlutabréfa samtryggingardeildar. Næstverðmætastur var 4,5% hlutur í stoðtækjaframleiðandanum Össuri. Virði hans í árslok 2020 nam 19,1 ma. kr., eða 14,9% af heildarvirði innlendra skráðra hlutabréfa sjóðsins.

Innlent skráð hlutabréfasafn (í milljörðum króna)



Afleiður (Valréttir)


Við kaup Gildis á hlutafé í hlutafjárútboði Icelandair um miðjan september 2020 fékk sjóðurinn afhent áskriftarréttindi, án þess að sérstök greiðsla kæmi þar á mót. Eru áskriftarréttindi þessi skráð á markað og nam virði þeirra tæpum 280 m. kr. í tilfelli samtryggingardeildar við lok árs 2020. Frekari upplýsingar má finna undir skýringu 14 í ársreikningi.

Atvinnugreinaskipting hlutabréfajárfestinga

Sé skráðu félögum skipað niður á viðeigandi greinar atvinnulífsins fæst atvinnugreinaskipting safnsins. Samkvæmt slíkri skiptingu liggur þungi safnsins innan tæknigeirans með járfestingum í Marel og Össuri, eða samtals 36,3% af heild. Samanlagðar járfestingar í fjármálafyrirtækjum, þ.e. viðskiptabönkunum Arion banka og Kvika banka auk tryggingafélaganna TM, Sjóva og VÍS, nema samtals 19,9% og þar á eftir kemur smásala sem myndar 15,1% af heild.




Atvinnugreinaskipting – skráð innlend hlutabréf



Í heild nemur verðmæti óskráða hluta hlutabréfasafns samtryggingardeildar 22,5 milljörðum króna. Um er að ræða yfir 40 aðskildar fjárfestingar sem eru nokkuð mismunandi að eðli og umfangi. Stærsta einstaka óskráða fjárfesting samtryggingardeildar er 20% hlutur í Jarðvarma slhf., en félagið er eignarhaldsfélag utan um 50% eignarhlut í orkufyrirtækinu HS Orku hf. Önnur stærsta óskráða eignin er 20% hlutdeild í Blávarma slhf., sem er eignarhaldsfélag utan um 30% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. Þriðja stærsta óskráða fjárfestingin er 19,0% hlutur í HSV eignarhaldsfélagi slhf., en það félag heldur á 34,4% hlut í veitufyrirtækinu HS Veitum hf.


Atvinnugreinaskipting – óskráð innlend hlutabréf



Erlent skuldabréfasafn

Virði erlends skuldabréfasafns samtryggingardeildar Gildis nam 32,3 milljörðum kr. í árslok 2020, eða 4,3% heildareigna. Ef skammtímasjóðir eru meðtaldir er hlutfallið 4,4%. Nánari upplýsingar um fjárfestingar í erlendum skuldabréfum má finna í skýringum 7 og 11 í ársreikningi.

Nafnávöxtun erlendra skuldabréfa á árinu 2020 (mæld í íslenskri krónu)




Ávöxtun erlendra skuldabréfa var góð á árinu, sérstaklega skráðra skuldabréfa sem skiluðu 23,7% ávöxtun. Góða ávöxtun erlendra skuldabréfa má einkum rekja til lækkunar á ávöxtunarkröfu og styrkingar erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni á árinu. Töluverðar sveiflur voru í ávöxtun erlendra skuldabréfa yfir árið.

Erlendir skuldabréfasjóðir samtryggingardeildar

Í lok árs 2020 voru 83,6% af fjárfestingum í erlendum skuldabréfasjóðum í sjóðum sem fjárfesta í fjölbreyttu úrvali skráðra skuldabréfa um allan heim. Það sem eftir stendur af safninu, þ.e. 16,4%, voru í sjóðum sem fjárfesta í óskráðum skuldabréfum með breytilegum vöxtum.


Erlendir skuldabréfasjóðir (32,3 milljarðar króna)



Erlent hlutabréfasafn

Virði erlends hlutabréfasafns samtryggingardeildar Gildis nam 224,6 milljörðum króna í árslok 2020, eða 29,8% heildareigna. Erlent safn hlutabréfa skiptist í skráðar og óskráðar eignir. Skráðar eignir eru að meginuppstöðu hlutabréfasjóðir en Gildi hefur einnig fjárfest í sérgreindu safni erlendra hlutabréfa. Óskráðar eignir eru aðallega í framtakssjóðum en einnig liggur lítill hluti í fasteignasjóðum. Upplýsingar um fjárfestingar í erlendum hlutabréfum má finna í skýringum 6 og 11 í ársreikningi.

Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa árið 2020 (mæld í íslenskri krónu)



Erlent hlutabréfasafn

Hlutfall skráðra hlutabréfa var 82,1% af eign í erlendum hlutabréfum en óskráð hlutabréf voru 17,9% við lok árs 2020.

Erlent hlutabréfasafn (222,1 milljarður króna)

| | |
|--------------------------|--------------------------|
| Skráð hlutabréf 182,3 | Óskráð hlutabréf 39,8 |
|--------------------------|--------------------------|

Erlent skráð hlutabréfasafn

Í árslok 2020 voru 46,0% af safni erlendra skráðra hlutabréfa í vísitölu-sjóðum, þ.e. hlutlausum sjóðum sem fjárfesta í samræmi við heimsvísitölu hlutabréfa. 54,0% skráðra hlutabréfa voru fjárfest í úrvali virkra sjóða, þ.e. sjóða sem eru með fjárfestingarstefnu sem er önnur en heimsvísitala hlutabréfa, m.a. til að mæta mismunandi markaðsaðstæðum eða fylgja ákveðinni fjárfestingarstefnu.

Erlent skráð hlutabréfasafn (182,3 milljarðar króna)

| | |
|---------------------------------|-------------------------------------|
| Virkir hlutabréfasjóðir 98,4 | Hlutlausir hlutabréfasjóðir 83,9 |
|---------------------------------|-------------------------------------|

Erlent óskráð hlutabréfasafn

Við lok árs 2020 voru 33,4% af safni óskráðra framtakssjóða í sjóðasjóðum, þ.e. sjóðum sem fjárfesta í öðrum framtakssjóðum. Á móti voru 66,6% af safninu í eftirmarkaðssjóðum, meðfjárfestingarsjóðum og beinum fjárfestingarsjóðum.

Erlent óskráð hlutabréfasafn (39,8 milljarðar króna)

| | |
|------------------------------|---------------------|
| Aðrar tegundir sjóða 26,5 | Sjóðasjóðir 13,3 |
|------------------------------|---------------------|

Fjárfestingarstefna


Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til áhættu.

Í lok nóvember 2020 setti stjórn Gildis nýja fjárfestingarstefnu fyrir samtryggingardeild fyrir árið 2021. Þar er lagt upp með að hlutfall hlutabréfa, sérstaklega erlendra hlutabréfa, verði aukið á kostnað hlutfalls skuldabréfa. Stefnt er að því að lækka hlutfall skuldabréfa með ábyrgð ríkis sem og erlendra skuldabréfa en að hlutfall veðskuldabréfa verði aukið. Í stefnunni er lagt upp með að vægi gengisbundinna eigna verði 39%, sem er óbreytt frá fyrra ári. Vikmörk í fjárfestingarstefnu eru áfram höfð víð í nokkrum eignaflokkum, sem og viðbótartakmarkanir á samanlögðu hlutfalli hlutabréfa og samanlögðu hlutfalli skuldabréfa. Ástæðan fyrir því er m.a. óvissa um það hvaða fjárfestingarkostir munu standa sjóðnum til boða og í hvaða eignaflokkum þeir kostir verða, bæði innanlands og utan. Meðal helstu breytinga á vikmörkum má nefna að neðri vikmörk samanlagðrar skuldabréfaeignar hafa lækkað sem og efri og neðri vikmörk fyrir fjárfestingar í skuldabréfum með ríkisábyrgð og erlendum skuldabréfum. Neðri vikmörk samanlagðrar hlutabréfaeignar hafa hækkað sem og efri vikmörk innlendra og erlendra hlutabréfa.

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar og eignaskipting í árslok 2020

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) | | Stefna 2021 | Heimiluð vikmörk | |
|-----------------------------------|----------------|--------------|----------------|------------------|--------------|
| | 31.12.2020 | 31.12.2020 | | Lágmark | Hámark |
| Innlán | 29.439 | 3,9% | 0,5% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf (alls) | 348.325 | 46,2% | 48,5% | 35,0% | 65,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 149.721 | 19,9% | 17,5% | 12,0% | 27,0% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 50.285 | 6,7% | 7,0% | 3,0% | 11,0% |
| Veðskuldabréf | 61.191 | 8,1% | 11,0% | 2,0% | 16,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 14.491 | 1,9% | 2,0% | 0,0% | 5,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 39.326 | 5,2% | 8,0% | 2,0% | 14,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 989 | 0,1% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 32.322 | 4,3% | 3,0% | 1,0% | 12,0% |
| Hlutabréf (alls) | 373.123 | 49,5% | 50,0% | 35,0% | 60,0% |
| Innlend hlutabréf | 151.057 | 20,0% | 19,0% | 10,0% | 26,0% |
| Erlend hlutabréf | 222.066 | 29,5% | 31,0% | 18,0% | 38,0% |
| Aðrar fjárfestingar (alls) | 2.517 | 0,3% | 1,0% | 0,0% | 4,0% |
| Samtals | 753.404 | 100% | 100% | | |

Staða eigna miðað við fjárfestingarstefnu í árslok 2020



Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2020. Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 4,6 ma. kr. eða 4,0% af skuldbindingum og batnaði um 0,3% milli ára.


Niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar (þús. kr.)

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|----------------------|----------------------|
| Eignir | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 757.626.370 | 655.385.074 |
| Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti | -41.565.769 | -17.719.490 |
| Fjárfestingarkostnaður | -1.349.039 | -1.266.855 |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 502.222.495 | 508.709.519 |
| Rekstrarkostnaður | -23.015.184 | -20.874.353 |
| Eignir samtals | 1.193.918.873 | 1.124.233.895 |
| Skuldbindingar | | |
| Ellilífeyrir | 874.434.587 | 833.853.804 |
| Örorkulífeyrir | 211.991.326 | 191.560.670 |
| Makalífeyrir | 53.988.181 | 52.111.355 |
| Barnalífeyrir | 7.124.640 | 6.489.328 |
| Skuldbindingar samtals | 1.147.538.735 | 1.084.015.157 |
| Eignir umfram skuldbindingar | 46.380.138 | 40.218.738 |
| Tryggingafræðileg staða í árslok | 4,0% | 3,7% |


Í úttektinni er miðað við sérhæfðar lífs- og örorkulíkur sem byggja á tölfræði yfir sjóðfélaga Gildis. Örorkulíkurnar eru breyttar frá síðustu úttekt og byggja á reynslu árunum 2011-2016, en lífslíkurnar á árunum 2014-2018 og eru þær óbreyttar frá síðustu úttekt.

Ljóst er að miklar breytingar verða á stöðu sjóðsins þegar farið verður að byggja á spá um hækkun lífaldurs á komandi áratugum í nýjum eftirlifendatöflum sem væntanlega taka gildi við næstu tryggingafræðilegu úttekt. Ekki hefur verið ákveðið hvernig auknum skuldbindingum verði mætt, en líklegt er að það verði gert með því að hækka ellilífeyrisaldur sjóðfélaga og að sú breyting muni gerast á löngum tíma.

Tryggingafræðileg staða



Örorkubyrði / örorkuframlag



| | |
|----------------------------------|-------|
| Stoðkerfis- og gigtarsjúkdómar | 34,2% |
| Geð- og þunglyndissjúkdómar | 24,1% |
| Slys og áverkar | 11,4% |
| Hjarta-, æða- og lungnasjúkdómar | 7,5% |
| Taugasjúkdómar | 5,5% |
| Áfengis- og vímuefnasýki | 3,7% |
| Krabbamein | 3,7% |
| Offita | 1,1% |
| Aðrir sjúkdómar | 8,9% |


Örorkubyrði Gildis og örorkulíkur sjóðfélaga í tryggingafræðilegri úttekt eru með því hæsta sem þekkist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Í úttektinni í árslok 2020 var miðað við sérhæfðar örorkulíkur sem byggja á tölfræði fyrir sjóðfélaga Gildis á árunum 2011–2016.

Hjá mörgum íslenskum lífeyrissjóðum eru örorkulíkurnar allt að helmingi lægri en hjá Gildi. Til að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað örorkuframlagi frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Á grundvelli ákvæðis í samþykktum Gildis frá árinu 2011 hefur sjóðurinn nýtt þetta framlag til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Framlagið nam 1.977 m.kr. á árinu 2020 og verða réttindi hækkuð um 4% á grundvelli þess.

Orsakir örorku

Litlar breytingar hafa orðið á orsökum örorku hjá lífeyrisþegum Gildis. Sem fyrr eru langalgengustu orsakir örorku annars vegar stoðkerfis- og gigtarsjúkdómar og hins vegar geð- og þunglyndissjúkdómar.

Fjöldi örorkulífeyrisþega



Samstarf við VIRK

Gildi hefur frá árinu 2014 verið í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingar-sjóð sem hefur það hlutverk að draga úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Sjóðfélagar Gildis hafa hag af því að þeir sem njóta örorkulífeyris úr sjóðnum komist aftur út á vinnumarkaðinn sé þess nokkur kostur. Lífeyrissjóðum er með lögum gert að greiða framlag til VIRK og nemur það í dag 0,10% af iðgjaldastofni.



Eldri maður sker af netum á Grandagarði í Reykjavík, apríl 1975.
Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Bragi Guðmundsson.




Starfsfólk sælgætisgerðarinnar Nóa við vinnu sína 4. desember 1963.
Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Bragi Guðmundsson.

Séreignardeild


Lykiltölur 2020

Framtíðarsýn 1 – skuldabréf 65% og hlutabréf 35%

Hrein raunávöxtun




Breyting á hreinni eign á árinu 2020 (millj. kr.)




Framtíðarsýn 2 – skuldabréf 80% og hlutabréf 20%

Hrein raunávöxtun




Breyting á hreinni eign á árinu 2020 (millj. kr.)




Framtíðarsýn 3 – verðtrygð innlán 100%

Hrein raunávöxtun



Breyting á hreinni eign á árinu 2020 (millj. kr.)



36.864

Fjöldi sem á rétt í séreignardeild

1.545

Fjöldi sem greiddi í séreignardeild á árinu

313

Fjöldi sem fékk greitt úr séreignardeild á árinu

Rétthafar / lífeyrir

Rétthafar í séreignardeild voru 36.864 í árslok 2020, þar af átta 705 rétt í tilgreindri séreignardeild. Tilgreind séreign kemur til vegna kjarasamnings ASÍ og SA frá 2016 og tengist hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyris-sjóð. Einstaklingar hafa val um að setja hækkunina að hluta eða öllu leyti í tilgreinda séreign í stað samtryggingar. Mikilvægt er að sjóðfélagar kynni sér þær reglur sem gilda um tryggingavernd í samtryggingardeild annars vegar og þær reglur sem gilda um tilgreinda séreignardeild hins vegar þegar ákvörðun er tekin um ráðstöfun iðgjaldsins. Í árslok 2020 höfðu 903 sjóðfélagar Gildis valið að ráðstafa iðgjaldinu í tilgreinda séreign og þar af höfðu 184 valið að flytja hana í aðra sjóði.

Stjórnvöld heimiluðu úttekt á séreignarsparnaði sem hluta af úrræðum vegna Covid-19 faraldursins og gildi sú heimild frá 1. apríl til 31. desember 2020. 421 sjóðfélagi nýtti sér úrræðið.


Lífeyrisgreiðslur séreignar á árinu 2020 (í þús. kr.)

| | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Samtals |
|---------------------------------|----------------|---------------|---------------|----------------|
| Ellilífeyrir | 34.933 | 48.357 | 44.392 | 127.682 |
| Örorkulífeyrir | 176 | 269 | 1.855 | 2.301 |
| Makalífeyrir | 895 | 3.131 | 0 | 4.026 |
| Barnalífeyrir | 136 | 0 | 0 | 136 |
| Tímabundin útgreiðsla séreignar | 73.516 | 44.370 | 18.995 | 136.881 |
| Samtals | 109.655 | 96.127 | 65.242 | 271.025 |

Hrein eign séreignardeildar var 6.507 milljónir króna í árslok og hækkaði um 821 milljón króna frá fyrra ári. Greidd var út 271 milljón króna á árinu í lífeyri og þar af voru 137 milljónir vegna sérstakrar Covid-19 heimildar. Greiðslur inn á fasteignalán og útgreiðslur vegna fasteignakaupa voru 99,5 milljónir króna. Nýir samningar um séreignarsparnað voru 143.


Ávöxtun

Mismunandi ávöxtun fjárfestingarleiða innan séreignardeildar stafar af því að eignaflokkar vega misþungt í söfnum þeirra auk þess sem sömu eignaflokkar aðskildra leiða geta verið samsettir á mismunandi máta. Í tilfelli Framtíðarsýnar 1 eru þannig að jafnaði 35% eignasafnsins í hlutabréfum og 65% í skuldabréfum en hjá Framtíðarsýn 2 eru 20% eignasafnsins að jafnaði í hlutabréfum og 80% í skuldabréfum. Framtíðarsýn 3 samanstendur einungis af verðtryggðum innlánnum. Ríkistryggð skuldabréf námu 27,9% í safni Framtíðarsýnar 1 í árslok og innlend og erlend hlutabréf samtals 41,3%. Í safni Framtíðarsýnar 2 námu ríkistryggð skuldabréf 35,1% og innlend og erlend hlutabréf samtals 24,7%.



Eignasöfn séreignarleiða í árslok 2020


- Innlán
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Afleiður
- Erlend skuldabréf
- Ríkistryggð skuldabréf
- Skuldabréf sveitarfélaga
- Skuldabréf banka
- Skuldabréf fyrirtækja
- Verðtryggð innlán



Framtíðarsýn 1


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 1 var 13,5% eða sem nemur 9,7% hreinni raunávöxtun. Fimm ára meðalraunávöxtun nemur nú 5,2% en 5,1% sé horft til síðustu 10 ára.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 1



Innlent hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 1 skilaði 29,3% ávöxtun á árinu 2020. Innlend hlutabréf eru samtals 18,6% af eignum safnsins. Skuldabréf, sem eru samtals 57,2% af safninu, skiluðu 8,6% ávöxtun. Erlend hlutabréf skiluðu 19,9% og innlán báru neikvæða ávöxtun sem nemur 10,7%, sem stafar af neikvæðum áhrifum gengisbundinna innlána á árinu.


Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 1 á árinu 2020



Fjárfestingar

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1, þ.e. kaup umfram sölu, námu 118 m.kr. á árinu 2020. Nettó kaup á skuldabréfum banka og fjármálafyrirtækja námu 36 m.kr., nettó kaup á innlendum hlutabréfum námu 11,6 m.kr. og kaup umfram sölu á ríkistryggðum skuldabréfum námu 18 m.kr. Nettó sala á erlendum skuldabréfum nam 11,6 m.kr. á árinu. Nokkur viðskipti voru einnig með erlend hlutabréf á árinu en þar héldust kaup og sala nokkurn veginn í hendur.

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á árinu 2020 (í þús. kr.)




Fjárfestingarstefna

Í Framtíðarsýn 1 eru 35% safnsins að jafnaði í hlutabréfum og 65% í skuldabréfum. Þegar stór hluti safnsins er bundinn í hlutabréfum má búast við meiri sveiflum í ávöxtun en um leið er vænt ávöxtun hærrí til lengri tíma litið. Í árslok 2020 voru 41,3% safnsins bundin í hlutabréfum og 58,7% í skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 1 og eignaskipting í lok árs 2020

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) 31.12.2020 | Eignir (%) 31.12.2020 | Stefna 2021 | Heimiluð frávik | |
|--------------------------------|-----------------------------|--------------------------|----------------|-----------------|--------------|
| | | | | Lágmark | Hámark |
| Skuldabréf | 1.587,9 | 58,7% | 65,0% | 55,0% | 75,0% |
| Innlán | 40,5 | 1,5% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 754,4 | 27,9% | 27,0% | 15,0% | 65,0% |
| Skuldabréf banka | 349,3 | 12,9% | 15,0% | 0,0% | 26,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 79,4 | 2,9% | 3,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 242,5 | 9,0% | 14,0% | 0,0% | 23,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 121,9 | 4,5% | 5,0% | 0,0% | 15,0% |
| Hlutabréf | 1.117,6 | 41,3% | 35,0% | 25,0% | 45,0% |
| Innlend hlutabréf | 503,5 | 18,6% | 14,0% | 0,0% | 25,0% |
| Erlend hlutabréf | 614,1 | 22,7% | 21,0% | 10,0% | 40,0% |
| Samtals | 2.705,5 | 100% | 100% | | |


Staða eigna miðað við fjárfestingarstefnu í árslok 2020



Framtíðarsýn 2


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 var 11,3% eða sem nemur 7,5% hreinni raunávöxtun. Sé litið til lengri tíma nemur meðalraunávöxtun síðustu fimm ára 4,9% og síðustu 10 ára 4,7%.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 2



Ávöxtun skuldabréfa Framtíðarsýnar 2 var 9,1% á árinu, en þau vógu 72,1% af heildarsafni leiðarinnar í árslok. Innlent hlutabréfasafn skilaði 27,5% ávöxtun á árinu 2020. Í árslok voru innlend hlutabréf 11,4% af heildarsafni fjárfestingarleiðarinnar. Erlend hlutabréf skiluðu 20% nafnávöxtun og innlán báru neikvæða 5,5% nafnávöxtun, sem stafar af neikvæðum áhrifum gengisbundinna innlána á árinu.


Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 2 á árinu 2020



Fjárfestingar

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2, þ.e. kaup umfram sölu, námu 189,7 m. kr. á árinu 2020. Mest var aukið við fjárfestingar í skuldabréfum fyrirtækja, eða um 94,9 m. kr. Nettó kaup á ríkistryggðum skuldabréfum námu 72 m. kr. og nettó kaup á skuldabréfum banka námu 62 m. kr. Sala á erlendum skuldabréfum umfram kaup nam 43,5 m. kr. á árinu. Bæði innlend og erlend hlutabréf voru keypt í nokkrum mæli, en á móti kom sambærileg sala í þessum flokkum.

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á árinu 2020 (í þús. kr.)




Fjárfestingarstefna

Samkvæmt fjárfestingarstefnu Framtíðarsýnar 2 eru 20% safnsins að jafnaði í hlutabréfum og 80% í skuldabréfum. Með hærra hlutfalli skuldabréfa má gera ráð fyrir minni sveiflum í ávöxtun en vænt ávöxtun er að sama skapi lægri til lengri tíma litið en í Framtíðarsýn 1. Í árslok 2020 skiptust eignir Framtíðarsýnar 2 þannig að 24,7% þeirra voru í hlutabréfum en 75,3% í skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 2 og eignaskipting í lok árs 2020

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) | Eignir (%) | Stefna 2021 | Heimiluð frávik | |
|--------------------------------|----------------|--------------|--------------|-----------------|--------------|
| | 31.12.2020 | 31.12.2020 | | Lágmark | Hámark |
| Skuldabréf og innlán | 2.004,5 | 75,3% | 80,0% | 70,0% | 90,0% |
| Innlán | 86,5 | 3,3% | 1,0% | 0,0% | 15,0% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 933,5 | 35,1% | 34,0% | 25,0% | 80,0% |
| Skuldabréf banka | 431,6 | 16,2% | 18,0% | 0,0% | 28,0% |
| Veðskuldabréf | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 98,0 | 3,7% | 4,0% | 0,0% | 10,0% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 302,7 | 11,4% | 17,0% | 0,0% | 26,0% |
| Erlendir skammtímasjóðir | 0,0 | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 10,0% |
| Erlend skuldabréf | 152,1 | 5,7% | 6,0% | 0,0% | 15,0% |
| Hlutabréf | 656,4 | 24,7% | 20,0% | 10,0% | 30,0% |
| Innlend hlutabréf | 302,5 | 11,4% | 8,0% | 0,0% | 20,0% |
| Erlend hlutabréf | 353,9 | 13,3% | 12,0% | 5,0% | 25,0% |
| Samtals | 2.661,0 | 100% | 100% | | |


Staða eigna miðað við fjárfestingarstefnu í árslok 2020



Framtíðarsýn 3

Eignir Framtíðarsýnar 3 eru eingöngu í verðtryggðum innlánum, líkt og fjárfestingarstefna leiðarinnar kveður á um. Hrein nafnávöxtun fjárfestingarleiðarinnar var 4,0%, eða sem nemur 0,5% hreinni raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðastliðin 5 ár er 1,5%, en 1,7% sé litið til síðustu 10 ára.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 3



Fjárfestingarstefna og eignaskipting

Eignir safnsins eru eingöngu í verðtryggðum innlánum sem takmarkar sveiflur í ávöxtun milli ára.

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 3 og eignaskipting í lok árs 2020

| Verðbréfaflokkur | Eignir (m.kr) | Eignir (%) | Stefna 2021 | Heimiluð frávik | |
|-------------------|---------------|------------|-------------|-----------------|--------|
| | 31.12.2020 | 31.12.2020 | | Lágmark | Hámark |
| Verðtryggð innlán | 1.111,5 | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Samtals | 1.111,5 | 100,0% | 100,0% | | |



Starfsmaður fiskverslunar Hafliða Baldvinssonar, Hverfisgötu 123, mögulega við störf í Örfirisey þar sem fiskverkun var til húsa. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Júlíus Baldvin Helgason.



Efri mynd: Steingrímur Magnússon fiskali í Fiskhöllinni við Tryggvagötu (Norðurstíg) horfir út um glugga á skrifstofu sinni. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Guðgeir Magnússon.

Neðri mynd: Ásgeir Guðjónsson fiskali í Fiskhöllinni afgreiðir viðskiptavini. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Guðgeir Magnússon.

Starfsemi

Lykiltölur 2020

Rekstrarkostnaður

1.056 m.kr.

2,9%

Rekstrarkostnaður (hlutfall af iðgjöldum)

3.642


Rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga

39

Fjöldi starfsmanna í árslok 2020

| | |
|---|-------------|
| Laun og launatengd gjöld | 665,2 m.kr. |
| Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður | 212,5 m.kr. |
| Húsnæðiskostnaður | 34,0 m.kr. |
| Fjármálaeftirlitið – árgjald | 31,1 m.kr. |
| Útsending yfirlita og lífeyristilkynninga | 33,9 m.kr. |
| Annað | 79,6 m.kr. |

Rekstrarkostnaður (% af meðalstöðu eigna)



Fjárfestingargjöld

2.529 m.kr.

1,0%

Hlutfall fjárfestingargjalda af meðalstöðu undirliggjandi eigna

1,7%

Hlutfall fjárfestingargjalda af eign í innlendum sjóðum

0,8%

Hlutfall fjárfestingargjalda af eign í erlendum sjóðum

Stjórn

Stjórn Gildis er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.

Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2021

- Stefán Ólafsson, formaður
- Gylfi Gíslason, varaformaður
- Árni Bjarnason
- Áslaug Hulda Jónsdóttir
- Freyja Önundardóttir
- Ingibjörg Ólafsdóttir
- Margrét Birkisdóttir
- Sverrir Sverrisson

Varamenn

- Hannes G. Sigurðsson
- Kolbeinn Gunnarsson
- Sara S. Öldudóttir

Sigríður Margrét Oddsdóttir sagði sig úr varastjórn um mitt ár 2020.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru ákvarðanir um fjárfestingar, breytingar á samþykktum, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits og lánareglur sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formensku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á árinu 2020 voru haldnir 22 stjórnarfundir auk þess sem haldinn var tveggja daga stefnumótunarfundur í lok október. Sjö stjórnarfundanna og stefnumótunarfundurinn voru haldnir í gegnum fjarfundarbúnað, þegar samkomutakmarkanir og sóttvarnareglur hömluðu hefðbundnum fundarhöldum.

Hæfi stjórnarmanna

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Skulu þeir búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við þau lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemi viðkomandi gilda. Útnefning stjórnarmanna lífeyrissjóða er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og skulu þeir uppfylla kröfur þess, m.a. um nægilega þekkingu og reynslu af starfsemi lífeyrissjóða. Einnig þurfa stjórnarmenn að standast hæfismat eftirlitsins.



Standandi frá vinstri

Margrét Birkisdóttir
Sverrir Sverrisson
Ingibjörg Ólafsdóttir
Árni Bjarnason
Áslaug Hulda Jónsdóttir

Sitjandi frá vinstri

Freyja Önundardóttir
Stefán Ólafsson
Gylfi Gíslason

Mynd tekin á stjórnarfundum Gildis 25. febrúar 2021.

Starfsmenn

| | Starfssvið |
|---------------------------------|--|
| Aðalbjörn Sigurðsson | Forstöðumaður samskipta |
| Anna Lis Hjaltadóttir | Deildarstjóri iðgjaldadeildar |
| Anna Rúnarsdóttir | Reikningshald |
| Árni Guðmundsson | Framkvæmdastjóri |
| Árni Hrafn Gunnarsson | Lögfræðingur |
| Ásbjörg Hjálmarsdóttir | Móttaka og símsvörun |
| Ásdís Ósk Smáradóttir | Lánadeild |
| Birgir Stefánsson | Eignastýring |
| Bjarney Sigurðardóttir | Skrifstofustjóri |
| Bjarni Gíslason | Eignastýring |
| Brynja Bjarnadóttir | Lánadeild |
| Darri Egilsson | Áhættueftirlit |
| Davíð Rúdólfsson | Forstöðumaður eignastýringar og staðgengill framkvæmdastjóra |
| Ellert Guðjónsson | Eignastýring |
| Fjóla Dögg Hjaltadóttir | Lánadeild |
| Friðgerður María Friðriksdóttir | Iðgjaldadeild |
| Guðrún Inga Ingólfssdóttir | Eignastýring, staðgengill forstöðumanns eignastýringar |
| Gyða Sigurðardóttir | Iðgjaldadeild |
| Halldóra Halldórsdóttir | Lífeyrisdeild |
| Helga Einarsdóttir | Lánadeild |
| Hrefna Snorradóttir | Iðgjaldadeild |
| Hulda Helgadóttir | Deildarstjóri lánadeildar |
| Ingveldur M. Kjartansdóttir | Lánadeild |
| Íris Áskels Jónsdóttir | Lífeyrisdeild |
| Ívar Róbertsson | Forstöðumaður reikningshalds |
| Jóhanna Einarsdóttir | Skrifstofa Ísafrði |
| Lilja Sigurðardóttir | Reikningshald |
| Pálína Hallgrímsdóttir | Lífeyrisdeild |
| Pétur Óskar Hjörleifsson | Tölvumál |
| Ragnheiður Jónasdóttir | Forstöðumaður upplýsingatækni |
| Rannveig Rut Valdimarsdóttir | Gjaldkeri |
| Rebekka Ólafsdóttir | Forstöðumaður áhættueftirlits og persónuverndarfulltrúi |
| Sigrún Andrea Vilhelmsdóttir | Iðgjaldadeild |
| Sigrún Valþórsdóttir | Móttaka og símsvörun |
| Sigurborg Reynisdóttir | Deildarstjóri séreignardeildar |
| Soffía Þóra Einarsdóttir | Skrifstofa Ísafrði |
| Sverrir Reynisson | Lífeyrisdeild |
| Unnur Ingibjörg Sigfúsdóttir | Eignastýring |
| Örn Guðnason | Deildarstjóri lífeyrisdeildar |

Endurskoðunarnefnd

Stjórn Gildis skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd sem starfar í umboði stjórnar og á ábyrgð hennar. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal vera óháður sjóðnum og starfsfólki hans. Nefndin hefur eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd hefur starfað hjá Gildi frá árinu 2009.

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars sinna eftirfarandi:

- Eftirliti með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar.
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings.
- Mati á óhæði ytri endurskoðenda og eftirliti með öðrum störfum þeirra.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og koma að ráðningu innri endurskoðenda.

Endurskoðunarnefndina skipa:

- Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, formaður
- Ásgeir Brynjar Torfason, sérfræðingur á sviði fjármála og reikningsskila
- Freyja Önundardóttir, útgerðarstjóri Önundar hf. og stjórnarmaður Gildis-lífeyrissjóðs

Á árinu hélt nefndin 12 fundi.

Nefnd um laun stjórnarmanna

Frá árinu 2019 hefur innan Gildis starfað fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna, en verkefni hennar er að undirbúa og leggja fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Í nefndinni eiga sæti fjórir fulltrúar; tveir fulltrúar atvinnurekenda og tveir fulltrúar launafólks.

Fulltrúar atvinnurekenda

Davíð Þorláksson
Inga Jóna Friðgeirsdóttir

Fulltrúar launafólks

Berglind Rós Gunnarsdóttir
Stefán Ólafsson

Starfsemi Gildis á árinu 2020

Stefnur og samþykktir

Í samþykktum Gildis er meðal annars að finna reglur um hlutverk, tilgang og starfsemi sjóðsins. Einnig er þar fjallað um réttindi sjóðfélaga og skyldur, skipan og umboð stjórnar sem og ársfund. Samþykktum sjóðsins var breytt á ársfundi 2019 og tóku þær gildi 1. júlí 2019 eftir staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Starfsfólk Gildis starfar í samræmi við samþykktir sjóðsins en einnig eftir skýrt mörkuðum stefnum þar sem markaðar eru áherslur sjóðsins í málum á borð við fjárfestingar, áhættusækni, áherslur sjóðsins sem hluthafa, starfskjör starfsfólks, persónuvernd og fleira. Allar stefnur sjóðsins eru rýndar reglulega og þeim breytt þegar þörf þykir. Fjárfestingarstefna sjóðsins er endurnýjuð árlega og var nýjasta útgáfa hennar samþykkt af stjórn 26. nóvember 2020. Fjallað er sérstaklega um fjárfestingarstefnu sjóðsins framfar í skýrslunni. Áhættustefna sjóðsins er endurskoðuð a.m.k. árlega m.t.t. áhættusniðs sjóðsins og var ný útgáfa af henni samþykkt af stjórn 25. febrúar 2021. Breytingarnar sneru m.a. að auknu samræmi milli áhættuþátta, eftirlitsaðgerða og eftirfylgni þeirra. Einnig var lögð áhersla á skráningu ábyrgðarmanns aðgerða og ferlið um tilkynningu frávíka skerpt. Aðrar stefnur tóku ekki breytingum á árinu 2020 – en þær eru þessar:

- Stefna um ábyrgar fjárfestingar, samþykkt 28. júní 2017
- Hluthafastefna, samþykkt 18. október 2018
- Starfskjarastefna, samþykkt 14. júní 2018
- Persónuverndarstefna, samþykkt 25. júní 2018
- Starfsmannastefna, samþykkt 14. nóvember 2019
- Jafnlaunastefna, samþykkt 14. nóvember 2019

Náanar er fjallað um stefnur Gildis í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í ársreikningi sjóðsins. Samþykktir sjóðsins og allar stefnur hans má nálgast í heild á heimasíðu Gildis.

Covid-19

Útbreiðsla Covid-19 farsóttarinnar hafði mikil áhrif á allt starf og skipulag sjóðsins frá marsmánuði til ársloka. Fyrstu fréttir af farsóttinni fóru að berast í febrúar og fyrsta tilfelli af veikinni greindist hér á landi í lok þess mánaðar. Sóttvarnareglur voru hertar um land allt í kjölfarið og mánudaginn 16. mars neyddist Gildi til að loka fyrir heimsóknir viðskiptavina á skrifstofur sjóðsins. Um leið voru viðskiptavinir hvattir til að nýta sér rafrænar lausnir og síma til að hafa samband við sjóðinn. Mikil vinna var þá hafin við að tryggja að Covid-19 myndi hafa eins lítil áhrif á starfsemi sjóðsins og hægt var. Farið var í að tryggja starfsfólki nauðsynlegan búnað til að það gæti sinnt störfum sínum heima og fjárfest í fartölvum, skjám og öðrum tölvubúnaði til að svo mætti vera. Það reyndist happadrjúgt enda var starfsfólkinu skipt í tvo hópa föstudaginn 20. mars og vann hvor hópur fyrir sig tvo til þrjá daga í viku hverri á skrifstofunni en hina dagana heima. Þannig náðist að halda

úti fullri þjónustu við viðskiptavini. Þetta fyrirkomulag var við lýði allt til mánudagsins 18. maí þegar smit voru nánast hætt að greinast á landinu og starfsmenn sameinuðust á ný á skrifstofum sjóðsins. Það var síðan viku síðar, eða mánudaginn 25. maí, sem skrifstofurnar opnuðu aftur fyrir heimsóknir viðskiptavina.

Strax á fyrstu vikum farsóttarinnar var ljóst að efnahagsleg áhrif hennar yrðu veruleg. Vegna þessa gripu stjórnvöld til viðamikilla aðgerða til að koma til móts við þau fyrirtæki og þá einstaklinga sem urðu fyrir tekjuskerðingu vegna Covid-19. Gildi tók þátt í því og bauð lántakendum meðal annars upp á að fresta greiðslum af lánnum sínum. Strax skapaðist mikið álag á starfsfólk lánadeildar vegna þessa og til að mynda voru þrjátíu slíkar beiðnir samþykktar fyrstu vikuna sem úrræðið stóð til boða. Fimmtíu lántakendur biðu í lok sömu viku eftir að mál þeirra yrðu tekin til afgreiðslu. Stjórnvöld opnuðu einnig fyrir sérstakar útgreiðslur úr séreignardeild sjóðsins vegna Covid-19. Í lok ársins hafði 421 sjóðfélagi nýtt sér þá heimild og tekið út samtals tæplega 137 milljónir króna úr séreignardeild. Örorkulífeyrisþegum var enn fremur boðið upp á að fresta endurnýjun á örorkumati enda gat á þessum tíma verið erfitt að sækja hefðbundna heilbrigðisþjónustu og þar með að fá nauðsynleg læknisvottorð endurnýjuð.

Skipting starfsfólks í tvo hópa og tilheyrandi fjarvinnsla þýddi að breyta þurfti nokkuð samskiptum stjórnenda við starfsmannahópinn. Teknir voru upp reglubundnir rafrænir starfsmannafundir og voru þeir allt að fimm sinnum í viku í upphafi faraldursins en var fækkað í þrjá á viku þegar leið á árið. Með því tryggðu yfirmenn reglubundin samskipti við allt starfsfólk og skjóta upplýsingagjöf á tímum þar sem aðstæður og forsendur breyttust ört og yfirleitt með litlum fyrirvara.

Mikil áhersla var einnig lögð á upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Reglulegar upplýsingar voru birtar á gildi.is og rafræn fréttabréf send út þegar ástæða þótti til eða ef einhverjar markverðar breytingar urðu á starfsemi eða þjónustu Gildis.

Hömlur á fundahaldi

Sóttvarnaráðstafanir höfðu einnig mikil áhrif á fundi sem eru hluti af reglubundinni starfsemi Gildis. Þannig stóð til að fulltrúaráð Gildis kæmi saman fimmtudaginn 26. mars á Hilton Reykjavík Nordica í samræmi við grein 5.4 í samþykktum sjóðsins. Ekki reyndist mögulegt að halda fundinn á þessum tíma og var honum því frestað. Í framhaldi var ákveðið að fresta ársfundi sjóðsins sem hefð er fyrir að halda um miðjan apríl. Í ljósi þeirrar óvissu sem uppi var á þessum tíma um stöðu faraldursins og framhald sóttvarnaráðstafana var lengi óljóst hvernig fundurinn myndi fara fram og hvenær. Þegar leið á vorið var farsóttin í rénun og var þá ákveðið að nýta tækifærið og halda ársfund á Grand Hótel Reykjavík um miðjan júní. Fyrst þurfti þó að halda áður nefndan fulltrúaráðsfund og fór hann fram í gegnum Teams fjarfundarkerfið fimmtudaginn 11. júní. Um fimmtíu tóku þátt í fundinum þar sem farið var yfir stöðu sjóðsins á árinu 2019 sem og á fyrstu mánuðum ársins 2020. Einnig var á fundinum farið yfir tilnefningar í stjórn sjóðsins, nefnd um laun stjórnarmanna og margt fleira.

Ársfundur sjóðsins var loks haldinn fimmtudaginn 16. júní á Grand Hótel Reykjavík. Um sjötíu sátu fundinn sem Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, stýrði. Gylfi Gíslason, þáverandi stjórnarformaður Gildis, setti fundinn og

flutti skýrslu stjórnar og í kjölfarið fór Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, ítarlega yfir rekstur sjóðsins og helstu verkefni, bæði á nýliðnu ári en einnig á fyrstu mánuðum Covid-19 ársins 2020.

Þær breytingar urðu á stjórn sjóðsins á fundinum að Guðmundur Ragnarsson gekk úr aðalstjórn en í stað hans var kosinn Árni Bjarnason. Einnig vék Konráð Alfreðsson úr varastjórn en í stað hans var kjörinn Kolbeinn Gunnarsson. Bæði Guðmundur og Konráð höfðu verið tengdir stjórn sjóðsins árum saman og voru þeim sérstaklega þökkun vel unnin störf og samstarf undangenginna ára.

Hvatning Seðlabankans um gjaldeyrismál

Í mars hvatti Seðlabanki Íslands íslenska lífeyrissjóði til að halda að sér höndum við kaup á gjaldeyri næstu þrjá mánuði þar á eftir með vísan til þeirrar óvissu sem þá ríkti í efnahagslífinu vegna áhrifa Covid-19. Í júní var sambærilegri hvatningu á nýjan leik komið á framfæri við sjóðina, aftur til þriggja mánaða. Nánar er fjallað um málið í viðauka við skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í ársreikningi.

Versnandi staða á haustmánuðum

Fá tilfelli Covid-19 greindust á sumarmánuðum 2020 en á haustmánuðum gerði farsóttin aftur vart við sig. Um miðjan ágúst var skrifstofum sjóðsins lokað á ný fyrir heimsóknum viðskiptavina og í kjölfarið var starfsmannahópi Gildis skipt í tvennt. Skiptingin stóð með stuttum hléum út árið en lokun fyrir heimsóknir viðskiptavina var viðvarandi. Í byrjun nóvember þurfti enn að skerða viðveru starfsfólks á starfsstöðvum þegar 10 manna samkomutakmarkanir voru teknar upp. Næstu vikur gat því aðeins fjórðungur starfsmanna mætt á hverjum degi á skrifstofur sjóðsins og var tekin upp viðveruskráning til að tryggja að ekki mættu of margir.

Í lok ársins, nánar tiltekið 3. desember, stóð sjóðurinn fyrir fulltrúaráðs- og sjóðfélagafundi. Í ljósi aðstæðna var fundurinn rafrænn, sendur út í gegnum Microsoft Teams (sem beint streymi). Þar fór Árni Guðmundsson yfir stöðu sjóðsins fyrstu tíu mánuði ársins og Davíð Rúðólfsson, forstöðumaður eignastýringar, yfir fjárfestingar á Covid-19 ári, nýja fjárfestingarstefnu og stöðu á verðbréfamörkuðum.

Segja má að miðað við aðstæður í samfélaginu og langvarandi takmarkanir á bæði heimsóknum viðskiptavina til sjóðsins og skerðingu á viðveru starfsfólks á starfsstöðvum hafi tekist ótrúlega vel að halda úti fullri þjónustu við viðskiptavini. Er það til marks um þann öfluga mannauð sem sjóðurinn býr að.

Upplýsingatæknimál

Í byrjun árs 2019 hófst undirbúningur að smíði nýs sjóðfélagavefs Gildis, en þar geta sjóðfélagar fengið upplýsingar um stöðu sína hjá sjóðnum, svo sem iðgjaldagreiðslur, réttindi, inneign í séreignardeild og stöðu lána. Eiginleg vinna við smíðina hófst á vormánuðum 2019 í samvinnu við veflausnir Advania og rúmu ári síðar, eða í júní 2020, var nýr sjóðfélagavefur tekinn í notkun. Með honum er brotið blað í rafrænni þjónustu sjóðsins enda er um að ræða uppfærslu á rúmlega tíu ára gömlum vef. Aukin áhersla hefur verið sett á stafræna þróun og stafræna þjónustu innan sjóðsins, og liður í því er áframhaldandi þróun á sjóðfélagavefnum sem hófst á haustmánuðum 2020. Þar er horft til þess að snjallvæða allar umsóknir sjóðsins, bæta upplýsingagjöf til sjóðfélaga og margt fleira.

Annað mikilvægt tæki í rafrænni þjónustu sjóðsins er launagreiðendavefur, en þar geta launagreiðendur sent inn skilagreinar og fengið yfirlit yfir stöðu á greiðslum til sjóðsins. Núverandi launagreiðendavefur er rúmlega tíu ára gamall og því kominn tími til að hann verði endurnýjaður. Vinna við slíka endurnýjun hófst um mitt ár 2020 og var einnig samið við veflausnir Advania um það verkefni. Gert er ráð fyrir að nýr launagreiðendavefur verði tekinn í notkun á fyrri hluta ársins 2021.

Heimasíða Gildis er andlit sjóðsins á netinu og kannanir sýna (auk reynslu starfsmanna) að mikill meirihluti sjóðfélaga segist helst leita sér upplýsinga um málefni sjóðsins þar. Mikil vinna er lögð í að viðhalda síðunni og uppfæra þær upplýsingar sem þar eru.

Starfsmannamál

Prír reynslumiklir starfsmenn létu af störfum hjá Gildi á árinu 2020. Ólafur Arason, forstöðumaður tölvumála, lét af störfum í árslok 2019 eftir fjórtán ára starf hjá sjóðnum. Við starfslok hans var ákveðið að breyta starfslýsingu forstöðumanns tölvumála og í framhaldinu var Ragnheiður Jónasdóttir ráðin í nýtt starf forstöðumanns upplýsingatækni.

Kristrún Árný Sigurðardóttir, gjaldkeri Gildis, lét af störfum 31. janúar 2020 en hún hóf störf hjá Lífeyrissjóði sjómanna í febrúar 1987. Við starfi gjaldkera tók Rannveig Rut Valdimarsdóttir.

Ingileif Kristinsdóttir, aðalbókari Gildis, lét af störfum um mitt ár en hún hafði unnið hjá Gildi og þar áður Lífeyrissjóði Hlífar og Framtíðarinnar frá árinu 1991. Farið var í skipulagsbreytingar á bókhaldsdeild í framhaldinu og var nýr starfsmaður ráðinn, Lilja Sigurðardóttir. Nafni deildarinnar var breytt í „reikningshald“ og tók Ívar Róbertsson, sem áður bar titilinn sérfræðingur í bókhaldi, við stjórn nýrrar deildar.

Í upphafi ársins var eignastýringardeild sjóðsins styrkt þegar Ellert Guðjónsson var ráðinn til sjóðsins og um mitt ár urðu þær breytingar á lánadeild sjóðsins að Íris Dögg Eiðsdóttir lét af störfum.

Þeim Ólafi, Kristrúnu, Ingileif og Írisi eru þökkuð vel unnin störf fyrir sjóðinn.

Önnur mál

Framan af ári stóð sjóðurinn fyrir reglubundnum fræðsluerindum fyrir starfsfólk sitt og stjórn. 15. janúar fékk stjórn kynningu á starfsemi og stöðu séreignardeildar Gildis og fékk starfsfólk slíka kynningu í framhaldi. Um miðjan janúar fékk starfsfólk kynningu frá Heilsuvernd um vinnustöðu, m.a. hvernig stilla skal stóla og skrifborð og í framhaldi mældu hjúkrunarfræðingar Vinnuverndar heilsufar starfsfólks. Í lok janúar fékk stjórn Gildis síðan kynningu á nýjum lögum um endurskoðendur og endurskoðun.

Skömmu áður en reglubundin fræðsla lagðist í dvala vegna Covid-19, nánar tiltekið í byrjun febrúar, fékk starfsfólk kynningu á nýju jafnlaunakerfi sjóðsins, sem hlaut vottun í desember 2019. Í nóvember framkvæmdi vottunarstofan iCert viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu en áður hafði innri endurskoðun sjóðsins (PwC) rýnt kerfið. Niðurstaða beggja úttektaraðila var að innleiðing á kerfinu hafi gengið vel og að reksturinn standist að fullu ákvæði jafnlaunastaðals.

15 ára afmæli

Gildi-lífeyrissjóður varð 15 ára 1. júní 2020. Nokkur aðdragandi var að stofnun sjóðsins en eftir um árs sameiningarviðræður, sem snerust að mestu um að smíða nýtt réttindakerfi, var stofnun sjóðsins samþykkt formlega á stofnfundi 27. apríl 2005. Fyrr um daginn höfðu Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóðurinn Framsýn haldið sína ársfundi. Sameiningin var samþykkt án mótatkvæða hjá Framsýn en með eins atkvæðis mun hjá sjómönnum. Eins og áður sagði tók nýr sjóður, sem fékk (augljóslega) nafnið Gildi-lífeyrissjóður, til starfa rúmum mánuði síðar.

Yfirlýsing í þágu sjálfbærrar uppbyggingar

Lífeyrissjóðir voru á meðal þeirra sem komu að sameiginlegri yfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar sem ritað var undir í lok september. Fyrir hönd lífeyrissjóða skrifaði Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, undir en ríkisstjórn Íslands, fjármálastofnanir, váttryggingafélög og fjárfestingarsjóðir komu einnig að henni. Í yfirlýsingunni er áréttað að fjármagn sé mikilvægt hreyfiafl í mótun atvinnulífs og atvinnusköpunar í uppbyggingunni fram undan. Ákvarðanir og markvissar aðgerðir nú muni hafa mikil áhrif á þróun á næstu árum og mikilvægt sé að þar sé sjálfbærni leiðarljós. Jafnframt skuli efla samkeppnishæfni til framtíðar.



Efri mynd: Starfsmenn bifreiðaverksæðis, varahlutaverslunar og bílaumboðs Egils Vilhjálmssonar hf. við störf sín í september 1949. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Sigurhans Vignir.

Neðri mynd: Starfsfólk Egils Vilhjálmssonar hf. á kaffistofu fyrirtækisins. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Sigurhans Vignir.

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----|
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra | 65 |
| Stjórnarháttayfirlýsing | 68 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 74 |
| Breyting á hreinni eign | 78 |
| Efnahagsreikningur | 79 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 80 |
| Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu | 81 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda | 82 |
| Efnahagsreikningur deilda | 84 |
| Sjóðstreymisyfirlit deilda | 86 |
| Breyting á hreinni eign séreignardeildar | 88 |
| Efnahagsreikningur séreignardeildar | 90 |
| Sjóðstreymisyfirlit séreignardeildar | 92 |
| Breyting á hreinni eign tilgreindrar séreignardeildar | 94 |
| Efnahagsreikningur tilgreindrar séreignardeildar | 96 |
| Sjóðstreymisyfirlit tilgreindrar séreignardeildar | 98 |
| Skýringar | 100 |
| Kennitölur | 133 |

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Eignir, ávöxtun og rekstrarkostnaður

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir; samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 757.626 millj. kr. í árslok 2020 og hækkaði á árinu um 102.241 millj. kr. en hrein eign séreignardeildar nam 6.090 millj. kr. í árslok 2020. Tilgreind séreignardeild var stofnuð 1. júlí 2017 og nam hrein eign hennar í lok ársins samtals 417,1 millj. kr. Innan tilgreindrar séreignardeildar eru þrjár ávöxtunarleiðir sem eru þær sömu og í séreignardeild sjóðsins.

Hrein nafn- og raunávöxtun

| | Hrein nafnávöxtun | Hrein raunávöxtun |
|--------------------|-------------------|-------------------|
| Samtryggingardeild | 13,6% | 9,7% |
| Framtíðarsýn 1 | 13,5% | 9,7% |
| Framtíðarsýn 2 | 11,3% | 7,5% |
| Framtíðarsýn 3 | 4,0% | 0,5% |

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu nam samtals 1.056 millj. kr. en var 937 millj. kr. á árinu 2019. Heildarlaunagreiðslur námu 665 millj. kr., þar af námu laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra 63,9 millj. kr. Starfsmenn sjóðsins voru 39 í árslok 2020 samanborið við 40 starfsmenn í lok árs 2019. Stöðugildi voru 39,5 á árinu 2020 en 36,6 á árinu 2019 og fjölgaði því um 2,9 milli ára.

Iðgjöld, fjöldi sjóðfélaga og launagreiðenda

Á árinu 2020 greiddu 6.419 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir 51.882 sjóðfélaga. Iðgjaldagreiðslur námu samtals 32.079 millj. kr. Sjóðfélagar með réttindi í samtryggingardeild voru 246.054 í árslok og réttihafar í séreignardeild sjóðsins 36.159. Þar af áttu 705 sjóðfélagar réttindi í tilgreindri séreign.

Lífeyrisgreiðslur og fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 19.269 millj. kr., en voru 17.716 millj. kr. árið 2019. Ellilífeyrir nam 12.257 millj. kr., örorkulífeyrir 5.695 millj. kr., makalífeyrir 1.006 millj. kr. og barnalífeyrir 173 millj. kr. Tímabundin útgreiðsla séreignar nam 137 millj. kr. Hjá samtryggingardeild voru ellilífeyrisþegar 15.907, örorkulífeyrisþegar 6.582, makalífeyrisþegar 2.060 og 1.118 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 25.667.

Covid-19

Útbreiðsla Covid-19 hafði umtalsverð áhrif á starfsemi Gildis á árinu 2020. Strax í mars þurfti sjóðurinn að loka skrifstofum sínum fyrir viðskiptavinum og síðar í sama mánuði var starfsmannahópnum skipt í tvennt þannig að á hverjum degi vann helmingur starfsfólks heima og hinn helmingurinn á skrifstofum sjóðsins. Hvor hópur fyrir sig vann heima tvo til þrjá daga í viku en hina dagana á skrifstofunni. Var þetta gert til að draga úr smithættu en einnig til að koma í veg fyrir að starfsmannahópurinn í heild þyrfti að sæta sóttkví á sama tíma. Útbreiðsla faraldursins hafði mikil áhrif á efnahag heimsins og verðþróun á verðbréfamörkuðum, sérstaklega í upphafi ársins, og drjúgur tími hefur farið hjá sérfræðingum sjóðsins í eignastýringu, stjórnendum og stjórn að fylgjast með stöðu mála. Stjórnvöld brugðust við efnahagsástandinu með margvíslegum aðgerðum, meðal annars var opnað fyrir að sérstakar útgreiðslur séreignarsparnaðar og lánþegar gátu fryst afborganir lána sinna. Margir sjóðfélagar Gildis nýttu sér þessi úrræði.

Áfram er nokkur óvissa um möguleg áhrif vegna COVID-19 á stöðu sjóðsins þó að dregið hafi úr henni, m.a. með sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda og tilkomu bóludefna. Sjóðurinn birtir álagspróf í skýringu 22.1.3 þar sem sjá má áhrif mismunandi sviðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Örorkulífeyrir

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins og með því hæsta sem þekkt hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Gildi hefur nýtt framlagið til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Framlagið nam rúmlega 1.977 millj. kr. á árinu 2020 og voru réttindi hækkuð um 4% á þeim grundvelli. Stjórn sjóðsins telur að framlagið sé ekki nægilega hátt og skiptingin ekki nægilega vel útfærð til að jafna stöðu lífeyrissjóða með mismikla örorkubyrði.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2020. Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 46.380 millj. kr. eða um 4,0% og batnaði um 0,3% milli ára.

Í úttektinni er miðað við sérhæfðar lífs- og örorkulíkur sem byggja á tölfræði um sjóðfélaga Gildis. Örorkulíkurarnar eru breyttar frá síðustu úttekt og byggja á reynslu árána 2011-2016, en lífslíkurarnar á rauntölum árána 2014-2018 og eru óbreyttar frá síðustu úttekt.

Ljóst er að miklar breytingar verða á stöðu sjóðsins þegar spá um hækkingu lífslíkur á komandi áratugum verður tekin með í nýjar eftirlifendatöflur sem væntanlega taka gildi við næstu tryggingafræðilegu úttekt. Ekki hefur verið ákveðið hvernig auknum skuldbindingum verði mætt, en líklegt er að það verði gert með því að hækka ellilífeyrisaldur sjóðfélaga og að sú breyting muni gerast á löngum tíma.

Sjóðfélagalán

Árið 2020 veitti sjóðurinn alls 987 ný sjóðfélagalán að fjárhæð 14.460 millj. kr. Um nokkra fækkun er að ræða í fjölda lána og lánsupphæðin lækkaði jafnframt, en árið áður voru veitt 1.359 lán að fjárhæð 22.012 millj. kr. Pennan samdrátt í lánveitingum má meðal annars rekja til þess að bankar lækkuðu vexti á fasteignalánum þegar leið á árið. Lánamarkaður er kvikur um þessar mundir og margir lánþegar nýttu tækifærið, tóku ný bankalán og greiddu upp eldri lífeyrissjóðslán. Gildi fór ekki varhluta af þessari þróun en á síðari hluta ársins, þ.e. frá byrjun júlí til loka desember námu uppgreiðslur sjóðfélagalána umfram nýjar lánveitingar alls tæplega 4,8 mö. kr. Á fyrri hluta ársins var þessu öfugt farið þegar lánveitingar voru um 3,8 mö. kr. umfram uppgreiðslur. Samtals tóku sjóðfélagar lán að verðmæti 14,5 ma. kr. á árinu 2020 á sama tíma og uppgreiðslur lána námu 15,5 mö. kr. Uppgreiðslur voru því nærri milljarði umfram nýjar lánveitingar.

Erlendar fjárfestingar

Stefna Gildis og hluti af áhættustýringu sjóðsins er að eiga vel dreift eignasafn sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Árið 2017 aflétti Seðlabanki Íslands fjármagnshöftum af fjárfestingum lífeyrissjóða utan Íslands og hefur sjóðurinn frá þeim tíma smám saman aukið hlutfall erlendra eigna í eignasafni sínu. Sjóðurinn seldi erlend verðbréf fyrir 7.075 millj. kr. umfram þau sem hann keypti á árinu 2020. Eignir sjóðsins í erlendri mynt námu 285.804 millj. kr. í árslok. Á árinu 2020 jókst hlutfall eigna sjóðsins í erlendri mynt úr 38,1% í ársbyrjun í 39,2% í árslok.

Í fjárfestingarstefnu setur sjóðurinn sér markmið um hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum. Sjóðurinn hefur sett sér markmið um frekari fjárfestingu erlendis, með áherslu á að auka við fjölbreytni í eignadreifingu innan erlendra eignaflokka.

Í mars hvatti Seðlabanki Íslands íslenska lífeyrissjóði til að halda að sér höndum við kaup á gjaldeyri næstu þrjú mánuði þar á eftir með vísan til þeirrar óvissu sem þá ríkti í efnahagslífinu vegna áhrifa Covid-19. Í júní var sambærilegri hvatningu á nýjan leik komið á framfæri við sjóðina, aftur til þriggja mánaða. Hvatt var til samkomulags milli sjóðanna hvað þetta varðar en afstaða Gildis var að ekki væru forsendur fyrir þátttöku sjóðsins í slíku samkomulagi, þá með vísan til umboðsskyldu. Sjóðurinn tók hins vegar hvatninguna til sín og lagði upp með að virða grundvallarsjónarmið hennar, enda staða gjaldeyriseigna sjóðsins góð á þeim tíma og ekki fyrirsjáanleg þörf á miklum gjaldeyriskaupum. Umrædd hvatning hafði þannig ekki áhrif á kaup og sölu Gildis á eignum í erlendri mynt.

Hluthafastefna

Stjórn Gildis hefur áfram fylgt eftir áherslum í hluthafastefnu sjóðsins sem samþykkt var í ársbyrjun 2015 og uppfærð haustið 2018. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Stjórn sjóðsins vill sem eigandi og fjárfestir á markaði stuðla að auknu gegnsæi. Markmiðið er meðal annars að beita sér sem eigandi í félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni félaganna auk ábyrgra stjórnarháttar.

Sjóðurinn hefur með markvissum hætti komið áherslum sínum á framfæri við þau félög sem falla undir hluthafastefnu sjóðsins. Þá birtir Gildi á heimasíðu sinni yfirlit yfir það hvernig hann beitir atkvæðisrétti sínum á aðalfundum hlutafélaga og hefur sá háttur verið hafður á frá árinu 2016.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Gildi markaði sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2017. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttar í fjárfestingum. Gildi leggur sérstaka áherslu á stjórnarhætti og fjallar hluthafastefna sjóðsins um það hvernig sjóðurinn beitir sér sem eigandi í því samhengi. Nánar er fjallað um stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar í viðauka við skýrslu stjórnar.

Stjórnarhættir

Í samræmi við 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 birtir sjóðurinn yfirlýsingu um stjórnarhætti sína. Upplýsingarnar eru settar fram í viðauka við skýrslu stjórnar og teljast hluti hennar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sjóðurinn ófjárhagslegar upplýsingar. Upplýsingarnar eru settar fram í viðauka við skýrslu stjórnar og teljast hluti hennar. Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík 11. mars 2021

Í stjórn sjóðsins

Stefán Ólafsson, Gylfi Gíslason, Árni Bjarnason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Freyja Ónundardóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Margrét Birkisdóttir og Sverrir Sverrisson.

Framkvæmdastjóri

Árni Guðmundsson.

Viðauki

Stjórnarháttayfirlýsing Gildis-lífeyrissjóðs


Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Gildi-lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og á grundvelli samþykktu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett ýmsar reglur sem um starfsemina gilda. Samþykktir sjóðsins auk annarra upplýsinga er varða skipulag hans eru aðgengilegar á vef sjóðsins, www.gildi.is.

Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur og tilmæli sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlitsins (FME).

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Skipulag sjóðsins kemur fram í skipuriti



Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Stjórn Gildis er skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundum ásamt tveimur varamönnum, en fjórir eru skipaðir af stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal að ákvæðum laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélag hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur, heldur gerðabók og ritar í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa fimm stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.

Stjórn sinnir meðal annars eftirfarandi verkefnum:

- Ræður framkvæmdastjóra og setur honum starfsreglur.
- Mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um innra eftirlit.
- Skipar endurskoðunarnefnd sem hefur eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.
- Mótar fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins, ber ábyrgð á framkvæmd og er virkur þátttakandi í árlegu eigin áhættumati á starfsemi sjóðsins.
- Setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins.
- Setur verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- Setur sjóðnum hluthafastefnu, sem gildir um fjárfestingar í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í auk samskipta- og siðareglu.

Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn samkvæmt framansögðu. Hún er skipuð þremur mönnum og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera óháður sjóðnum og starfsfólki hans. Hlutverk hennar samkvæmt erindisbréfi er að sinna tilteknum verkefnum fyrir stjórn sem snúa að eftirlitshlutverki stjórnarinnar.

Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi verkefni:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og koma að ráðningu innri endurskoðanda.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreiknings.

Nefnd um laun stjórnarmanna

Ársfundur kýs þrjá fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna en til viðbótar situr í henni stjórnarformaður sjóðsins. Verkefni nefndarinnar er að undirbúa og leggja fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar, þar á meðal:

- Ræður starfsmenn sjóðsins.
- Ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur.
- Ber ábyrgð á að þeirri fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og þeim útlánareglum sem stjórn setur sé fylgt.

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Áhættustefna Gildis er sett af stjórn sjóðsins og skilgreinir áhættuvilja og áhættuþol sjóðsins og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu innan hans.

Áhættustýringarstefna er einnig sett af stjórn sjóðsins, að fenginni tillögu forstöðumanns áhættueftirlits, sem fjallar um framkvæmd áhættustýringar sjóðsins á grundvelli áhættustefnu.

Áhættuvilji Gildis er varðar fjárhagsáhættu er skilgreindur í fjárfestingarstefnu og vikmörkum hennar fyrir samtryggingardeild og séreignarleiðir sjóðsins með það að markmiði að ávaxta fé sjóðfélaga með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Markar það vilja sjóðsins til eignadreifingar og samsetningar markaðs- og mótaðilaáhættu niður á einstaka eignaflokka hverju sinni, sem og innan hversrar tegundar innlendra skuldabréfa. Við mótun fjárfestingarstefnu eru skoðaðir þættir eins og lífeyrisbyrði, tryggingafræðileg staða, aldursdreifing sjóðfélaga og réttthafa, framtíðargreiðsluflæði, núverandi eignasamsetning, aðstæður á mörkuðum, áhættumælikvarðar og áhættuþol sjóðsins. Áhættuvilji sjóðsins er varðar lausafjánhættu er skilgreindur með viðeigandi viðmiði um hlutfall auðseljanlegra eigna, í samtryggingardeild og séreignarleiðum.

Áhættuþol samtryggingardeildar og séreignarleiða sjóðsins felst í settum viðmiðum um hlutföll einstakra eignaflokka og öðrum eignatakmarkunum í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Ef sjóðurinn nálgast sett vikmörk eða viðmið gæti þurft að grípa til sérstakra aðgerða til að forðast að frávik verði, m.a. með breytingum á eignasafni. Þessu til viðbótar tekur langtímaáhættuþol samtryggingardeildar mið af tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar hverju sinni. Samkvæmt lögum ber sjóðnum að grípa til sérstakra aðgerða leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meiri en 10% mun á milli eignaliða og skuldbindinga eða ef munur hefur haldist meiri en 5% í samfelld fimm ár, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997.

Eignastýring Gildis hefur það hlutverk á grundvelli fjárfestingarstefnu sjóðsins að stýra fjárhagslegri áhættu sjóðsins m.a. með ákvörðunum um kaup og sölu verðbréfa, í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins eins og við á hverju sinni. Stjórn sjóðsins setur fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Í fjárfestingarstefnu eru meðal annars:

- Sett markmið um ávöxtun og áhættu heildarsafns, leyfilega eignaflokka, viðmiðunarhlutföll og vikmörk eignaflokka og viðmið hvað varðar ávöxtun og áhættu eignaflokka.
- Skilgreind helstu viðmið og skorður sem unnið er út frá í fjárhagslegri áhættustýringu sjóðsins og skýrslugjöf.

Áhættustefnan og áhættustýringarstefnan ná yfir starfsemi Gildis bæði hvað varðar fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Fjárhagsleg áhætta er tengd fjárfestingarstarfsemi sjóðsins, þ.e. þróun eigna og skuldbindinga auk sjóðstreymis. Rekstraráhætta er áhætta tengd innri starfsemi hans, m.a. varðandi starfsmenn, verkferla og upplýsingakerfi, og ytri atburðum í rekstrarumhverfi sjóðsins.

Í skipulagi sjóðsins er sérstakt starfssvið, áhættueftirlit. Áhættueftirlit tekur virkan þátt í mótun áhættustefnu sjóðsins og hefur aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Forstöðumaður áhættueftirlits ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu og leggur milliliðalaust fram skýrslur til stjórnar um niðurstöður sínar. Áhættueftirlit sinnir m.a.:

- Eftirliti er varðar fjárhags- og rekstrarlega áhættu, m.a. daglegu eftirliti með fylgni sjóðsins við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir.
- Áhættumælingum á eignasafni sjóðsins og skráningu frávíka og eftirfylgni þeirra.
- Aðstoð við stjórn og stjórnendur við þróun og viðhald á skilvirku eftirlitskerfi sjóðsins.

Tilkynningar um frávik og eftirfylgni

Frávik frá settum viðmiðum fjárfestingar-, áhættu- og áhættustýringarstefnu eða fjárfestingarheimildum, og önnur tilvik sem teljast frávik, skal forstöðumaður áhættueftirlits tafarlaust tilkynna viðeigandi aðilum innan sjóðsins sem og Fjármálaeftirlitinu hið fyrsta. Framkvæmdastjóri og aðrir aðilar er sinna áhættueftirliti og áhættustýringu Gildis upplýsa stjórn og viðeigandi aðila innan sjóðsins reglulega um árangur og áhættu starfseminnar og ákvarðanir er varða áhættueftirlit og áhættustýringu.

- Endurskoðunarnefnd metur skilvirkni og fyrirkomulag áhættustýringar.
- Innri endurskoðandi kannar árlega hvort starfsemi sjóðsins sé í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.

Til þess að tryggja að reikningsskil sjóðsins séu áreiðanleg og í samræmi við góða reikningsskilavenju er lögð áhersla á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Mánaðarleg skýrsluskil eru mikilvægur þáttur í eftirliti með lykilþáttum starfseminnar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt 66. gr. d. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal sjóðurinn láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Hlutverk Gildis-lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt gegnir Gildi mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Samskipta- og siðareglur

Sjóðurinn hefur sett sér samskipta- og siðareglur sem m.a. varða það hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavinum, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

